



**Alþýðu-
bankinn**

Timinn

22. tölublað — Laugardagur 27. janúar — 57. árgangur

HOTEL LOFTLEIÐIR



„Hótel Loftleiðir býður gestum sínum að velja á milli 217 herbergja með 434 rúmum — en gestum standa líka íbúðir til boða. Allur búnaður miðast við strangar kröfur vandlátra. LOFTLEIÐAGESTUM LIÐUR VEL.“

20 hús talin brunnnin



Þannig var Vestmannaeyjakaupstaður yfir af líta í gær. Á miðri myndinni sést, hvar reyk leggur upp af húsum, sem eru að brenna. Þykkt vikurlag liggur á öllum götum, húspökinn eru svört af vikri, og ofan til í bænum eru sum húsín langt til komin í kaf í vikur og ósku, ef ekki með öllu hulin. líkt og gerðist í Pompej forðum.

Timamynd: Róbert.

Leggst vikur yfir allt eins og í Pompej? Embættisgögn, dýrmæt og viðsjárverð lyf og safnmunir hafðir á brott úr Eyjum

Tuttugu hús í Vestmannaeyjum voru talin brunnnin í gærkvöldi. Þá var farið að rjúka upp úr Búastaðatúni og flugvælinum, en þó var það álit. fröðustu manna, að ekki væri að myndast nýir gígir, heldur væri jarðvatn að gufa upp. Vikurfall var ekki mikið þá stundina, en spáð var súbaustanátt, og má þá búast við breytingum til verra og meira vikurregni í kaupstaðnum, ef ekki sljakkar í gígunum. Gæti þá svo farið, að örlög Vestmannaeyjakaupstaðar yrðu áþekkt og Pompej og vikurdyngjur leggi þeirra í auðn að meira eða minna leyti.

Í gærkvöldi sagði Kári Jónason, blaðamaður Timans, sem verið hefur í Vestmannaeyjum frá því gosið hófst, að bæjarfógetinn í Eyjum, Freymóður Þorseinsson, hefði fyrir einni klukkustund flutt öll skjöl, bækur og gögn embættis síns út í Arvakur, sem síðan hélt að varðskipi, sem lá úti fyrir. Er bæjarfógetaskrifstofurnar í landi þar með lagðar niður.

Í gærmorgun kom fulltrúi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins, Almar Grimsson lyfjafræðingur, til Vestmannaeyja. Vann hann að því, ásamt Kristjáni Hallgrímssyni lyfsala, að taka saman öll dýrustu lyf lyfjabúðarinnar, sem og öll deyfilyf og vanabindandi lyf, og setja þau í kystur, er komið var í Arvakur, er fór aftur með þetta í varðskipið Þór.

Þorsteinn Þ. Viglundsson kom einnig til Eyja, og fyrir atbeina hans og fleiri voru munir úr sjóminja- og byggðasafni kaupstaðarinnar, ásamt listaverkum, er bærinn átti, settir í tvo vörugáma og komið í skip.

Margs konar önnur verðmæti af slíku tagi eru þó enn í Eyjum, svo sem gripir náttúrugripasafnsins, hið nafntogada steinsafn Sveins Guðmundssonar og ágæt bókasöfn með margt fægtra bóka, auk listaverka af ýmsu tagi í fjölda húsa. Verður í dag gerð tilraun til þess að bjarga fagætustu munum náttúrugripasafnsins.



Guðjón Pálsson skipstjóri á Gullbergi frá Vestmannaeyjum. Hann og skipshöfn hans hafa sýnt mikinn dugnað undanfarna daga og bjargað milljóna verðmætum.

Timamynd: GE

Þar sem fórnfúsar hendur vinna:

Bátabrúin milli lands og Eyja — komið á annan brúarsporðinn

Klþ—Reykjavík. Um miðjan dag í gær lagðist vélbáturinn Gullberg frá Vestmannaeyjum að bryggju í Þorlákshöfn. Með bátinum komu margir Eyjabúar, sem höfðu verið úti í Eyjum til að reyna að bjarga einhverju af eignum sínum. Lest skipsins var full stórum, borðum og öðrum innanstokks-

munum, en í göngum og reyndar úti um allt skip mátti sjá lampa, ísskapa, málverk og aðra hluti úr eigu fólksins, sem nú flýr heimili sín.

Þetta var fjórða ferð Gullbergs milli lands og Eyja með búslóðir heimamanna síðan að gosið hófst s.l. þriðjudagsnótt. Töldu menn, sem þarna voru á bryggjunni, að

skipverjar á Gullbergi væru búnir að bjarga hátt í 200 milljón króna verðmætum í þessum fjórum ferðum. Veittu þeir sér enga hvíld, enda allt hörkuduglegir menn, sem ekki létu neina skrifstofublækur segja sér neitt fyrir verkum, eða hvað þeir megi gera og hvað ekki.

Skipstjórnin á Gullbergi er

Reykvíkingur og heitir Guðjón Pálsson. Hann gaf sér engan tíma til að ræða við blaðamenn. Sagðist hafa nóg annað að gera þessa stundina, en að standa hér og blaðra. Hér væru verðmæti, sem þyrfti að koma í land, og síðan þyrfti hann að fara aftur af stað, því enn væri mikið eftir úti í Eyjum, og það yrði ekki talað í

land, þó einhverjir héldu það herna uppi á landi.

Þetta var hrikaleg nótt.

Við biðum því rólegir, þar til menn voru búnir að ná í sitt dót og koma því fyrir í sendiferðabifreiðum úr Reykjavík, en þar biðu þarna á bryggjunni í hópum, og Framhald á bls. 12



Linda Antonsdóttir og Ester Arnadóttir með dætur sínar, sem fæddust á þriðjudagsmorgun.

— Tímamynd: Gunnar

„Ég vil hvergi annars staðar eiga heima en í Vestmannaeyjum“

— segir ung móðir, sem hafði tekið léttasóttina er gosið í Eyjum hófst. Rætt við mæður tveggja fyrstu Vestmannaeyinganna, sem fæddust eftir brottflutning íbúanna þaðan

A Fæðingardeildinni eru nú þrjár nýir Vestmannaeyingar og a.m.k. von á einum til viðbótar innan skamms. Tíminn gerði sér ferð þangað í gær til að heilsa upp á þessa nýju borgara, sem fæddust fjárrí heimkynnum sínum.

Yngsti Vestmannaeyingurinn var ekki til viðtals. Hann var það nýfæddur, að móðir og barn voru ekki til viðtals fyrir blaðamenn, en hins vegar hittum við fyrir tvegar ungar stúlkur, sem fæddust á sömu klukkustundinni, morguninn eftir, að gosið í Eyjum hófst eða á þriðjudag.

Mæður þessara litlu hnátta eru Linda Antonsdóttir og Ester Arnadóttir, sem báðar eiga heima nálægt miðbænum í Eyjum, og eiga því heimili sín enn að mestu óskemmd.

— Eg var orðin veik á mánu dagskvöldið, sagði Linda Antonsdóttir, þegar við spjölluðum við þær Ester og hana yfir miðdagskakóinu á Fæðingardeildinni.

— Fyrst stóð til, að ég færi með Júlíu, bátinum sem maðurinn er á, en á síðustu stundu var ákveðið að fara með mig í þyrlu til Reykjavíkur. Löggreglubíreið kom niður á bryggju að flytja mig á flugvöllinn, en ég var samt hálfsvört í framan af óskufallinu meðan á þessu ferðalagi stóð. Eg hafði engan tíma til að hafa áhyggjur, áttaði mig ekki vel á þessu öllu saman. Fæðingin gekk vel, og ég eignast 12 markað dóttur daginn eftir.

Eiginmaður Lindu, Björn Valtysson, var nýkominn frá Vestmannaeyjum eftir að hafa skroppið þangað aftur ásamt skipsfélögum sínum til að sækja ýmsar nauðsynjar.

— Hann gal ekkert tekið nema fót, því ekki var ráð á neinum bil til að flytja húsgögn, sagði Linda. — Sjálf greip ég barnafötin í flytinum um nóttina svo ég á þó

að minnsta kosti eitthvað utan á barnið.

Þau Linda og Björn, sem er Hafnirföngingur að uppruna, eiga tveggja ára son auk litlu dótturinnar, og heimili þeirra er í Vestmannaeyjum.

— Eg fer aftur til Eyja í vetur ef einhverjir verða þar, ég vil hvergi annars staðar eiga heima. Eg held, að flestir Vestmannaeyingar fari þangað aftur, segir Linda, og auðheyrta er, að áttahagarnir eiga sterk ítök í þessari ungu konu.

— Eg get ekki almennilega gert mér í hugarlund, hvornig umhorfs er nú í Vestmannaeyjum, þótt ég sé að reyna að ímynda mér það,

segir Ester Arnadóttir, Hún var komin til Reykjavíkur snemma í janúar vegna væntanlegrar fæðingar og var því ekki hina órlagariku aðfaránótt 23. janúar í Vestmannaeyjum.

— Annars er þetta ekkert fyrir ungt fólk, bætir hún við. — En ég get verkefnið rosnu og öldruðu fólk, sem e.t.v. er borið og barnfætt í Eyjum og á þar sín heimili, að þurfa að flytja heimili sín á þennan hátt.

Ester er sjálf ekki Vestmannaeyingur. Hún er Skagfirðingur að uppruna, frá Reykjaholti í Fljótum. Maður hennar, Hilmar Jónasson verzlunarmaður, er hins vegar úr Eyjum og vann í

Eyjakjör, en sjálf var Ester föstra á leikskóladeildinni þar.

— Eg er hrædd um, að fólk verði ekki leyft að fara til Vestmannaeyja aftur á næstunni, segir Ester.

Þótt allt sé í óvissu um framtíðar- og atvinnuhorfur, eiga Linda og Ester báðar öruggan samastað, þegar þær fara með litlu dæturnar af Fæðingardeildinni í næstu viku.

— Eg fer annaðhvort til tengdforeldra minna í Hafnarfirði eða bróður mannsins míns, segir Linda. En Ester fer til móður sinnar, sem búsett er í Reykjavík. —SJ



Það teygist úr jarðarförinni í Alþýðublaðinu

Það ætlar heldur betur að teygjast úr jarðarförinni í Ameríku hjá honum Guðmundi I. og Alþýðublaðsritstjóranum.

Félagar Hannesar Pálssonar í Íslensku sendinefndinni og allir embættismenn sendinefndarinnar vestra, þar á meðal Haraldur Kröyer, sendiherra, hafa skriflega eða með skeytum staðfest, að frásögn Hannesar Pálssonar af viðbrögðum Íslensku sendiráðsins í Washington við margumtalað erindi Íslensku sendinefndarinnar við sendiráðið í Washington er í alla staði rétt og sannleikanum samkvæmt.

Alþýðublaðið hélt því fram í fyrstu grein sinni um „rögs-herferð“ Hannesar Pálssonar á hendur „mætum fulltrúa Íslands á erlendri grund“, að Guðmundur I. Guðmundsson hefði þurft vegna heðni að heiman að fara til Texas til jarðarfarar eins af vunnustu mönnum í hópi Kennur-Islandinga, og því hefði hann ekki getað sinnt mikilvægum þætti í mesta lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Þetta hefur skýrzt nokkru nánar með hverri grein Alþýðublaðsins um málið og er nú komið upp úr dúrnum, að hér var um að ræða minningarathöfn í Washington, en ekki í Texas, og jarðarförin þá raunar orbin algert aukaatriði í málinu, þótt úr henni teygist svo mjög í Alþýðublaðinu. Það gat vel farið saman á einum degi, að Guðmundur I. yrði við minningarathöfn um þennan mæta mann, sem Tímanum, vegna áhuga á að geta mannsins á verðugan hátt, hefur því miður ekki tekið að fá nafn á, þrátt fyrir eftirgangsmuni.

— Og þá er það ferðin til Texas, sem eftir stendur. Þangað fór Guðmundur til að útvega Íslandi konsúl. Það er ágæt að hafa konsúl í Texas, en mikilvægara mun mönnum þó landhelgis málið þykja. — Og vel mátti hugsa sér, að væntanlegur konsúl í Texas biði í einn til tvo daga.

Staðreyndirnar eru þessar:

1. Sendiráðinu þar skylda til að taka fúslega og með áhuga við erindi Íslensku sendinefndarinnar hjá þá.

2. Yfirmaður sendiráðsins var Guðmundur I. Guðmundsson, sendiherra, og sér til aðstoðar hafði hann Hörð Helgason, sendifulltrúa.

3. Það er yfirmanns sendiráðsins, Guðmundar I. Guðmundssonar, að ákveða það, hvornig æðstu embættismenn sendiráðsins skiptu milli sín þeim verkefnum, sem fyrir lágu þennan dag.

4. Venjulega tekur sendiherrann sjálfur að sér mikilvægustu erindin, t.d. að ræða við æðstu menn utanríkisráðuneytis viðkomandi lands um stærstu málefni, hvað þá þegar stærsta lífshagsmunamál viðkomandi þjóðar er í vadi. Utanríkisráðuneytin dæma nefnilega nokkuð um mikilvægi erindanna og þann þunga, sem ríkisstjórn leggur á mál, eftir því, hve háttsettur embættismaðurinn er, sem er látinn reka þau — og verða menn að horfast í augu við þá staðreynd, hvort sem mönnum finnst þetta óskynsamlega ályktað eða ekki hjá utanríkisráðuneytum erlendra þjóða. Um þennan þátt og gildismat þetta er Guðmundur I. Guðmundssyni manna bezt kunnugt.

5. Guðmundur I. Guðmundsson gat farið til minningarathafnarinnar í Washington, en Framhald á 27. síðu.

Verður reynt að fá Gullfoss til Eyja?

KJ—Vestmannaeyjum. Erl—Reykjavík.

Hannibal Valdemarsson, samgönguráðherra og Magnús Kjartansson, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, komu til Vestmannaeyja í gær með flugfélugmálastjórnari í fylgd flugmálastjóra Agnar Kotofoed Hansen. Fóru ráðherrarnir ásamt fylgdarmönnum á svæðið, sem verst varð úti í fyrrinótt, og ekki var annað af svip þeirra að ráða, en þeim þætti eins og öðrum sjónin hörmuleg. Eftir skoðunarferðina áttu þeir viðræður við bæjarstjóra og aðra ráðmenn í bænum, en héldu síðan suður.

Meðal þess, sem bar á góma í viðræðum við ráðherrana, var, hvort ekki væri mögulegt að fá

Gullfoss Eimskipafélag til þess að koma til Eyja. Þar myndi hann þjóna tvíþættum tilgangi: Annars vegar væri hægt að setja búslóðir í hinar rúmgöðu lestar hans, og jafnframt myndi hann þjóna sem fljótandi hótél þeim, sem kæmu til Eyja til að sækja eigur sínar.

Þá hefur verið rætt um það að fá þyrlu til að flytja búslóðir þeirra, sem misst hafa hús sín í eldi eða undir hraun, burt frá Vestmannaeyjum.

Stöðugt er unnið að því að rýma hús, og ganga Eyjamenn þar vel fram. Öllum húsgöngum og heimilistækjum, sem tekin eru úr húsunum, er komið fyrir í barnaskólanum, og fer nú brátt að grennast um pláss þar. Þá eru og þeir menn, sem staðið hafa í þess-

um flutningum, orðnir mjög þreyttir, og hefur komið til tals, að fá hingað nokkra flokka manna, sem gætu leyst þá af. Yrðu það þá annað hvort aðkomumenn eða Vestmannaeyingar, sem yrði skipt í nokkra smáflokka, sem gengju skipulega hús úr húsi, og hefðu á brott með sér allt lauslegt. Myndi þá Gullfoss þjóna bæði sem svefnstaðir og matstaðir fyrir þessa aðkomumenn, og einnig væri hægt að fara með mjög margt fólk frá eyinni í einu, ef gosið færðist mjög í aukana og bryn þörf krefði.

Blaðið hafði samband við Óttar Möller og spurði hann, hvort þess hefði verið farið á leit við Eimskipafélagið, að það sendi Framhald á 27. síðu.

SÖFNUNARFÉÐ RÚMLEGA 9 MILLJ. KR.

Frá því í gær (fimmtudag) hafa eftirlitlin framlög borizt Rauba krossi Íslands til styrktar Vestmannaeyingum.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar, 100.000. Berklavörn, Reykjavík., 100.000. Kirkjuneind kvenna Dómkirkjunnar 50.000. Lionsklúbburinn ÆGIR, Reykjavík 100.000. Thorvaldensfélagið 100.000. Ferðafélagið Breiðamörk, Vestmannaeyjum 20.000. Félag Framsóknarkvenna, Reykjavík 100.000. Starfsmenn Lagarössvirkinar 48.000. Sjúklingar og starfsfólk heilshælisins Hveragerði 83.350. Íslenzkir aðalverktakar 3.000.000. Húsasmíðjan hf. 150.000.

Ræðismenn Íslands í Cuxhafen og Bremerhafen 107.000. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar 100.000.

Fjöldi annarra framлага hafa borizt bæði smá og stór. Öll koma þau sér vel og mynda stóran sjóð, sem nú nemur kr. 9.280.000 kr.

Þess má geta, að samanlögð útgjöld R.K.I. vegna hjálparstarfis nema nál. kr. 4.500.000.

Rauði kross Íslands þakkar rausnarleg framlög og mun eftir sem áður taka við framlögum á giróreikning nr. 90.000, í skrifstofunni Óldugötta 4 og í Þjónustumiðstöð Vestmannaeyinga í Hafnarbúðum.


Lögreglan fékk ekki af sér að deyða selinn og hann er nú kominn til fyrri heimkynna

JGK—Reykjavík. Eins og mörgum mun vera kunnugt, er Náttúrugripasafn Vestmannaeyja eitt merkasta safn sinnar tegundar á landinu og auk heldur finnast þar gripir sem ekki finnast á öðrum söfnum a.m.k. í Evrópu. Tíminn sneri sér í gær til safnvarðarins Friðriks Jessonar, sem staddur er í

þá gátu þeir ekki fengið það af sér, heldur fóðruðu þeir hann, þangað til þeir fóru, og síðan var hann, að ég best veit, tekinn og honum sleppt í sjóinn.

Við erum með mjög fagæt lifandi dýr á safninu, t.d. sæfilla, þá stærstu sem til eru á safni í Evrópu. Sama er að segja um krabbategund, sem við eigum, tröllakrabbí, eg veit ekki um annað safn, sem á hann lifandi. Svo eigum við lifandi kóraldyr, sem veiddust fyrir austan Eyjar. Eg vil gjarnan, að það komi fram, að sjómennirnir í Eyjum hafa verið beztu stuðningsmenn safnsins, og þeir hafa verið óþreytandi að færa mér á safnið hvað eina, sem þeir hafa náð í og þeir hafa talið, að safninu væri fengur að.

Eg fer nú til Eyja með Hekluinni í kvöld, og þá munum við ákveða, hver verði órlög dýranna á safninu. En á þessu stigi get ég ekki sagt, hvort þau verða deydd, hvort þeim verður sleppt eða flutt í land. Það er heldur ekki ljóst ennþá, hvort eitthvert safn hér í landi getur tekið við þeim. —



Friðrik Jesson safnvarður

Reykjavík, og leitaði fréttá af örlögum safnsins.

— Í samráði við dr. Finn Guðmundsson fuglafræðing hefur verið ákveðið að leggja ekki í flutning á safninu að svo komnu máli. En sú ákvörðun verður vitanlega tekin til endurskoðunar, ef aðstæður í eyinni breytast. Safnið er í háu og traustu steinhúsi vestarlega í bænum og er því varla í neinni hættu eins og er. Við erum með dálitib af lifandi sjávardýrum og svo auðvitað með mikið af dauðum náttúrugripum, sem að töluverðu leyti eru tengdir náttúru eyjanna, en svo eru þar líka gripir, sem við höfum fengið utan úr heimi.

Það gerðist svolltil saga í kringum selinn okkar. Við eignuðumst hann fyrir um þ.b. tveim mánuðum, þá var það starfsmaður við höfnina, sem hafði samband við okkur á safninu og sagði okkur frá því, að selur, útataður í ollu, væri í höfninni. Við fórum og náðum honum og hreinsuðum hann og ólum hann á safninu, og hann var anzi matfrefur, borðaði svona tíu sildar á dag. Svo var það eftir að gosið byrjaði og ég hafði hrökklazt til Reykjavíkur að tveir lög-reglummenn voru sendir upp í safnið í mínu umboði til að skjöta selinn. Þeir fóru á staðinn og ætluðu að vinna verkið, en þegar til kom,

Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga gaf 150 þús. kr.

GS—Ísafirði.

Á afmálisfundi Vélbátaábyrgðarfél. Ísfirðinga á miðvikudaginn var samþykkt að gefa 250 þúsund krónur í Vestmannaeyjasöfnunina.

Það var þann 24. janúar 1903, að Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga var stofnað. Fyrsta tryggingarfélag á Ísafirði stofnaði reyndar Asgeir Asgeirsson 1853, og starfaði það félag til 1872. — Í fyrstu stjórn þess félags voru Jón Laxdal, Sólus Nilsen og Arni Sveinsson, kaupmaður, þá voru tryggð 20 skip, en núna eru þau 200, og félagssvæðið eru allir Vestfirðir að Skaga.

Hannes Halldórsson var manna lengst forstjóri félagsins eða í 35 ár, og núverandi forstjóri er Matthías Bjarnason alþingismaður, en hann hefur gengt störfum forstjóra síðan 1960. Sá, sem hefur setið lengst í stjórn, er Jón Grímsson, eða í 41 ár. Núverandi

stjórn skipa Guðmundur Guðmundsson, forstjóri, Matthías Bjarnason og Guðfjinnur Einarsson, sem er stjórnarformaður. Á sjötu ára afmálinu hélt félagið kaffihóf í félagsheimilinu í

Hnífsdal, og var þar ákveðið, að félagið gæfi 250 þúsund krónur til sjómannafræðslu á Ísafirði, og einnig var samþykkt að gefa 250 þúsund krónur til söfnunarinnar fyrir Vestmannaeyinga.

Gosmökkurinn sést í Mývatnssveit

Erl—Reykjavík.

—Hér sjáum við mökkinn frá gosinu ágætlega í dag, sagði Sigurður Þórisson á Grænavatni í Mývatnssveit, en hann hringdi til blaðsins í gær. Loft er heiðskirt og skyggji því eins og bezt verður á kosíð, en mökkinn ber rétt austan við Hofsjökul frá Skútustöðum að sjá. Við erum búin að fylgjast með bólstrunum þarna í sjónauka, og það er engin vafi, að þetta er mökkurinn.

Þegar Hekla gaus 1947 sáu Mývatningar jafnan gosmökkinn, ef

skyggja var þannig varíð, og oft eldþjarma, er dimma tók. Eins fóru þeir ekki varhluta af drunum, sem fylgdu því gosi.

—Hér erum við að fara af stað með allsherjar fjársöfnun, sagði Sigurður, og á henni að ljúka á sunnudag. Auk þess er svo möguleiki að taka hingað eitthvað af fólki, og sjá nokkrum fyrir atvinnu. En söfnunarféð ætluð við að afhenda bæjarstjórn Vestmannaeyja sjálfri, án milligöngu. Við teljum, að hún mun bezt vita, hvar fjárins er þörf.

Leiguíbúðir varnarliðsmanna rýmdar handa Eyjamönnum?

Erl—Reykjavík.

Á fundi bæjarstjórnar Keflavíkur, sem haldinn var í fyrradag, báru Tómas Tómasson og Valtry Guðjónsson fram eftirlarandi ályktunartillögu, sem síðan var samþykkt samhljóða:

„Bæjarstjórn Keflavíkur sendir bæjarstjórn Vestmannaeyja og öllum íbúum Vestmannaeyja samúðarkveðjur vegna þeirra válegu atburða, sem nú standa yfir, og heitir þeim jafnframt allri þeirri aðstoð, sem bæjarfélagið getur í té látið.

Bæjarstjórn Keflavíkur samþykkir að fela bæjarstjórnina um rita varnarmálaeild utanríkisráðuneytisins og skora á hana að varnarliðið rými sem allra flestar íbúðir í Keflavík, sem á vegum þess eru hér í bæ, með það fyrir augum, að unnt verði að hagnýta íbúðirnar fyrir Vestmannaeyinga, ef þörf krefur, og óskir koma fram um aðstoð í því sambandi. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að kjósa þriggja manna nefnd auk bæjarstjóra til að vinna að málu þessum í nánú samstarfi við þá aðila, sem við úrlausn þessa vandamáls koma til með að starfa, bæði á vegum ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Vestmannaeyja.“

Tíminn hafði í gær samband við

Jóhann Einvarðsson, bæjarstjóra í Keflavík, til að fræðast nánar af honum um ályktun þessa. Jóhann sagði, að bréf hefði verið sent til varnarmálaeildar, og væri nú allt í hennar höndum, hvað væri að úrlausn mála. Bæjarstjórnin gæti ekkert frekar gert, en að lýsa sig reibubúna til þessarar aðstoðar. Þetta gæti orðið erfitt mál við að fást, sagði Jóhann, og ljóst væri, að aðgerðir þessar krefust tíma, ef af þeim yrði. Ef gosið heldi áfram sömu stefnu næstu vikur og mánuði, svo að ljóst yrði, að Eyjamenn gætu ekki flutt heim aftur í náinni framtíð, gæti svo farið eftir þrjá til fjóra mánuði, að hægt væri að rýma íbúðir þessar, en alls munu það vera um 200 íbúðir, sem Amerikanar hafa afnot af í Keflavík.

Jóhann sagði að húsnaði það sem boðið hefði verið fram á Keflavík-urflugvelli, væri ekki ætlað fjölskyldum, en vel gæti svo farið, að herinn gæti byggt yfir menn sína á svo skömmum tíma, sem þyrfti, eða 3-4 mánuðum. Hann sagði hafa átt oformlegar viðræður við yfirmann herliðsins, „base commander“ í fyrradag og hann hefði haft mjög góðan skilning á málinum.

Jóhann sagði, að svo flökinn sem þessi mál væru, gætu þau krafizt

nyrra lagasetninga, ef þau kæmu til framkvæmda, því að sjálf-sögu því huseigendum í sjálfsváld seth, hverjum þeir leigðu huseignir sínar, en sagðist ekki trúa því að öreyndu, að Keflvíkingar fórnðu ekki glaðir nokkur þúsund krónur á mánuði til að bæta úr hinni brynu þörf Vestmannaeyinga, a.m.k. ef séð yrði, að þeir þyrftu að vera að heiman til langs tíma.

Er við spurðum Jóhann, hvort eitthvað væri um það, að amerískir varnarliðsmenn ættu íbúðir í Keflavík, sagði hann, að svo væri ekki, a.m.k. ekki á pappírnum. Hins vegar væru nokkrir giftir íslenzkum konum, sem ættu íbúðirnar, og því mætti e.t.v. segja, að þeir ættu sinn hluta í reynd.

Þá hafði blaðið tal af Hannesi Guðmundssyni hjá varnarmálaeild utanríkisráðuneytisins Hann sagði, að þeim hefði enn ekki borizt bréf bæjarstjórnar Keflavíkur, en sér væri kunnugt um efni þess. Athugun á málu þessum væri þegar hafin, en gagnasöfnun myndi taka töluverðan tíma. Ekki væri neitt hægt að segja um, hvernig málin útleiddust, en þau gætu orðið ákaflega flökinn lagalega séð.



Mynd tekin undir Seljalandsmúla um hádegisbilið á fimmtudaginn. —

Ljósmynd: Páll Þorláksson.

Öskubólstrarnir berast yfir sjó og land

Nokkurt öskufall hefur verið á Suðurlandi að undanförunu, þar eð gosmökkinn frá Heimaev hefur

á köflum lagt til lands. Tæpast verður þó sagt, að mikil brögð hafi verið að öskufalli, og ekki er

sennilegt, að það valdi neinu tjóni á Suðurlandi á þessum árstíma. Hins vegar hefur verið nokkuð

skuggalegt til lofts að líta, þegar svarta og gráa bólstrana ber yfir.

Bátabrúin til Eyja

Framhald af bls. 1.

gáfu bilstjórnarnir sína vinnu eins og allir þeir, sem koma nálægt þessum flutningum.

Þegar aðeins fór að róast yfir mannskapnum, náðum við að króa einn ungan Vestmannaeying af, Arsal Sveinsson, upp við sendiferðabíl, og spurðum hann, hvernig um væri að litast úti í Eyjum, þegar hann fór þaðan fyrr um daginn:

„Það var hrikaleg nótt. Þá dundi gróthröbin yfir bæinn og maður hélt, að allt færi í kaf þá og þegar. Við vorum sex saman og náðum að koma öllu innbúi minnar fjölskyldu um borð í bát, og er það nú á leið til Reykjavíkur. Það var nokkuð mikið verk, enda fyllti hún tvo vörubíls-palla.

Síðan fórum við til að hjálpa öðrum og höfum verið að þar til nú í dag, að við urðum að fara í land með Gullbergi.

Það ganga veghefjar um aðal-göturarnar til að halda þeim samilega opnum, og hafa þeir varla undan við að yta vikrunum til hliðar. Það er ekkert um annað

að ræða, en að yfirgefa Vestmannaeyjar, því er nú ver og miður,” sagði Arsal að lokum og mokaði um leið vikrunum upp úr vösumum á úlpunni, sem hann hafði verið í í þessari björgunarférd.

Verðum að fá Bandaríkjamenn til aðstoðar.

Næst náðum við tali af Sigurbirni Guðmundssyni, sem dvalið hafði í Eyjum frá því að gosið hófst. Hann sagði um leið og við spurðum hann, hvernig ástandið væri:

„Þið ættuð að koma því á framfæri við yfirvöldin, að þau ættu að biðja Bandaríkjamenn að aðstoða okkur við að koma öllu í land.

Þeir geta útvegað okkur stórar byrlur, sem geta flutt gáma milli skips, sem lægi fyrir utan, og upp að husunum, sem á að flytja úr. Þetta gæti flutt fyrir því að koma dötunum í land, en það er ekki annað fyrirsjáanlegt, en allt verði að fara. Þetta fyrirkomulag, sem er á flutningunum núna, er ómögulegt, þó það sé betra en ekki neitt.

Þegar ég fór, var eins til tveggja



Arsal Sveinsson.



Tómas Pálsson.



Sigurbjörn Guðmundsson.

metra vikurlag austast í bænum, og sums staðar voru húsin hreinlega að fara í kaf. Annars er öll Eyjan undirlögð þessum andskota og ef þetta skánar ekki á næstunni, er ekki annað fyrirsjáanlegt, en að allt fari á bólakaf.”

Eyjan er öll orðin svört.

Að lokum náðum við tali af hinum kunna knattspyrnumanni þeirra Eyjamanna, Tómasi Pálssyni, þar sem hann var að handlanga búslób sína í land. Var hún

ekki sérlega vel farin eftir þessa flutninga, enda gaf enginn sér tíma til að pakka öllu inn eða að setja bréf utan um viðkvæmstu hlutina.

Ollu máli skipti að koma dötunum í land, sama hvernig það liti út, en það var í einu orði sagt svart á litinn eftir óskufallið.

„Ég hef lítlið að segja þu þetta,” sagði Tómas. „Ástandið barna úti er vadalegt, það er eina orðið, sem ég á yfir þetta. Það þarf kraftaverk að ske, ef barna á að verða byggilegt á næstunni, og við Vestmannaeyingar vonum, að það kraftaverk gerist. Þegar ég fór, var vikur um allt, og sums staðar var hann orðinn í marga metra háum sköflum. Eyjan er öll orðin svört á litinn og langt því frá að vera fallg, þó hún verði það samt alltaf í okkar augum, sem þar eru fæddir og uppaldir.”



Þegar Gullberg kom að landi í Þorlákshöfn, biðu sendiferðabíllar á bryggjunni til að flytja búslób fólksins til Reykjavíkur. (Tínamyndir G.E.)

Það virðist ýmislegt hægt að gera

-alls staðar vilja menn leggja sitt af mörkum til lausnar vandanum

JGK—Reykjavík.

Um allt land er það nú efst í huga fólks, hvað það geti gert fyrir Vestmannaeyingana, sem orðið hafa að flytja heimkynni sín og vandséð, hvenær þeir geta aftur horfið heim og gert kaupstað sinn byggilegan á ný. Hvað brýnast er, er að bátarnir geti fiskað og komið afflanum í vinnslu og fólkið fengið húsnæði. Allir, sem þess eiga kost, virðast vera reidubúnir til þess að hlíðra til eftir því, sem kostur er.

Hilmár Fr. Thorarensson á Eskifirði hringdi til blaðsins í gær og sagði eitthvað á þessa leið:

— Hér í kaupstaðnum eru hus, sem eru ekki meira seltin en svo, að þar má vel rýma til með göðum vilja, og inni í sveitinni standa samileg hus auð. Við gætum veitt til dæmis tveimur stórum bátum aðstöðu hér hjá okkur og tekið á móti afla þeirra. Svipuð bód veit ég, að Reyðfirðingar hafa þegar gert. Hitt er svo annað mál, að Vestmannaeyingum þykir sennilega langstött heðan af fjörðunum og miðum önnur en þeir þekka best. Þetta höfum við þó búið við, og ef til vill eru einhverjir í bátalotanum frá Vestmannaeyjum, er geta hugsað sér að hafa bækistöð hér eystri á vertíðinni. Eg held ég meira að minnsta kosti fullyrða, að hér yrði þeim fúslega veitt öll sú fyrirgreiðsla, er í okkar valdi stendur.

Möguleiki að stóruka afköstin.

Aðalsteinn Aðalsteinsson á Höfn sagði okkur, að Hornfirðingar væru reidubúnir að veita aðstoð, ef eftir henni yrði leitað. Með vaktavinnum sagði hann að unnt yrði að auka afköstin um 50-70%. Þarna yrði þó að koma til opinber aðstoð. Þetta kallar auðvitað á aukinn mannafla og það er

ekki á þessu stigi málsins hægt að segja fyrir um hve mörgum bátum yrði unnt að veita aðstöðu ef til kemur, né heldur hve mörgum aðkomuönnum Hornfirðingar geta tekið við húsnæðis vegna. En þessi mál eru í athugið og Hornfirðingar eru reidubúnir að veita þá aðstöð, sem í þeirra valdi stendur. Þess skal getið í þessu sambandi að mið Hornfirðinga og Vestmannaeyinga liggja mikið til saman og er það að sjálfsgöðu mikill kostur, því að sjálfsgöðu vilja allir fiska þar sem þeir eru kunnugastir.

Hafnaradstaðan er erfiðasta vandamálið

„Það er áreiðanlegt, að þrýstingurinn á höfnina hér vex gjöfulega”, sagði Benedikt Thorarensson framkvæmdastjóri í Þorlákshöfn, þegar blaðið hafði samband við hann í gær. „Annars erum við ekki enn búnir að gera okkur ljóst, hvaða aðstöðu við getum veitt Vestmannaeyja-bátunum, en þetta fer allt að skýrast, hvað úr hverju. En það er mála samast að höfnin hér hefur verið yfirflut undanfarnar vertíðir, svo það er ekki létt verk að ræða fram úr þessu.”

Benedikt sagði, að skiljanlega væri Vestmannaeyja skipstjórnum illa við að yfirgefa mið, sem þeir hefðu veitt á undanfarin ár og gjörþekktu. Það gæfi því augla leið að þrýstingurinn yrði mestur í nágrennahöfnum við eyjarnar.

Að sögn Benedikts hafa menn verið að reyna að gera sér í hugarlund, hve mikið magn Eyjaflotinn muni geta veitt á vertíðinni og komizt að þeirri niðurstöðu, að vinnsluáætlun á Suðurnesjum og í Reykjavík ættu að geta bætt því magni á t.d. Undanfarnar vertíðir hefur t.s. frystingáætla þar á höfninni í Þorlákshöfn ekki verið fullnýtt. En meiri

nýting kallar á meiri mannskap og meiri mannskapur á húsnæði. En það er ekki fyrir hendi á Þorlákshöfn en það ætti að vera hægt að nota Ölfusborgirnar uppi við Hveragerði í þá veru. Það er hægur vandi að flytja fólk á milli Hveragerðis og Þorlákshafnar kvílds og morgna.

Þegar öll kurla koma til grafar þá er ljóst að hafnaradstaðan er mestur þrándur í Götum. „Það er vel hægt að ímynda sér að Vestmannaeyingarnir sækist eftir að landa í Þorlákshöfn og aðilar í landi flytji fiskinn til annarra vinnsluáætluna, en þetta þyðdi engu að síður aukinn þrýsting á höfnina. Nú er það komið á daginn að þú er þyrst spaug að hafa enga bótleiga höfn meðfram öllu Suðurlandinu og kannski þetta verði nú til þess að menn ranki við sér og eitthvað verði gert í hafnarmálum okkar. Það er til lítill að kaupa skip, ef engar hafnir eru til fyrir þau”, sagði Benedikt.

Það kom fram í samtalinu við Benedikt, að gifurlæg ótrúð hefur verið í Þorlákshöfn síðan gosið byrjaði og oft leidið við hreinu öngþveiti. Engin greiðsala er á staðnum en frýstuhúsið hefur reynt að greiða fyrir Vestmannaeyingum hvað mat snertir. Gifurlæg umferð hefur verið um staðinn og lögregluhlíf hefur verið þar til að stjórna henni.

Um vinnsluna er það að segja, að við getum sennilega bætt við

leggi til greina. Um það er það að segja, að í höfninni hafa alltaf verið mikil þrengsl, hún hefur að visu farið stækkaði, en flottinn hefur stækkað að sama skapi. Grindavíkurhöfn hefur undanfarnar vertíðir verið mikið sótt af bátum frá öðrum verstöðvum súvestanlands. Í Grindavík eru um 50 bátar en á vertíðinni í fyrra komust landanir þar all upp í 106 og sést aðsökn aðkomubáta af þessu dæmi, og ekki batnar þegar Vestmannaeyjaflotinn bælist við, en bátar þaðan hafa aðeins í undantekningartilfellum landað í Grindavík hingað til. En þegar svona hlutir gerast er ekki um annað að ræða en að reyna að þrengja á sér. Þessi ótrúð getur slarkað meðan ekkert er að veðri, en ef veður er vond, þá eru erfiðleikarnir auðvitað gifurlægir. Annars mundi sennilega vera hægt að auka plássíð í höfninni tiltölulega fljótt, ef úti þá yrði farið og fé veitt til þess jafnvel áður en þessi vertíð kemst í fullan gang.

okkur svona á að gizka 15-20 bátum. Hraðfrýstihúsin eru þrjú og fiskverkunarstöðvar ábrar eru margar og sumar stórar og getu vafalaust bætt talverðu á sig. Þær strætu eru með stórar og góðar verubúðir og getu hýst talsverft af fólki, a.m.k. einstaklingum. En húsnæðið að öðru leyti er mjög takmarkað. Það er raunar alltaf húsnæðis-skortur hér á öllum tímum árs, þótt mikið sé byggt, þá er aðsókn mikil og fólksfjöldun hér varð rúm 8% á síðasta ári. Húsnæðis-skorturinn er því ef til vill stærsti þrókunurinn í veginum, en með göðum vilja má ýmislegt gera. Við yrðum sjálfsgötu fúsir til að láta lóbir undir bráabirgðahúsnæði, sem gæti leyst vanda eins árs eða svo. Ef hægt væri að fá slík hus og setja þau niður, þá gætum við tengt þau vatni og rafmagni. Það er sem sagt ýmislegt hægt að hugsa sér að gera, en að svo komnu máli get ég fullyrft það allt, að menn eru hér fúsir að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að leysa þann vanda sem skapat hefur, sagði Eiríkur að lokum.

VILJA AÐ NIXON FÁI FRÍÐARVERÐLAUN

NTB—Washington.

Tveir þingmenn í fulltrúadeild Bandaríkjaþings hafa lagt til, að Nixon Bandaríkjarásetta verði veitt fríðarverlaun Nóbels á þessu ári, og eru bréf þess efnis á leið til norska stórþingsins, sem akvörðunarlög hefur um verðlaunin. Þingmennirnir tveir, sem eru úr republikanaflökkinum, telja Nixon verðskulda þessa víðurkenningu vegna hinna sögulegu ferða sinna til Peking og Moskvu, sem beri vott um einbeittu Nixons, þegar um sé að ræða að beita valdi Bandaríkjanna til eflingar friði og sjálfsákvörðunarrétti í heiminum. Annar þingmannanna telur hann skara langt fram úr

öðrum stjórnmálamönnum hvað fríðarverðleiti snertir. Þeir benda á að Nixon hafi fært Bandaríkin og Kína nær hvort öðru en nokkur hefur talið hugsanlegt fyrir fáum árum, og að hann hafi náð samningalösum á atökunum í Indókína, sem staðið hafa frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Tímari í New York hafa áður komið fram með þá hugmynd, að Nixon fengi fríðarverðlaunin og hlotið stúðning leiðtoga republikana, sem hafa fengið aukinn áhuga á þessu máli eftir að Willy Brant hlaut verðlaunin fyrir framlagist sitt til að slaka á spennunni milli Vestur-Þýskalands og Austur-Evrópu.

Timinn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn

Frankvæmdastjóri: Kristinn Finnogason. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson (ábm.), Jón Helgason, Tómas Karlsson, Andrés Kristjánsson (ritstjóri Sunnudagsblaðs Tímans). Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Ritstjórnarskrifstofur í Edduhúsinu við Lindargötu, símar 18300-18306. Skrifstofur í Bankastræti 7 — afgreiðslustími 12323 — auglýsingastími 19523. Aðrar skrifstofur: sími 18300. Askritfargjald 225 krónur á mánuði innan lands, í lausáðlu 15 krónur eintakið. Blaðaprent h.f.

Óþörf viðvörðun

Það er áreiðanlega öllum augljóst, að óhjákvæmilegt verður að leggja verulegar byrðar á landsmenn, vegna hinna válegu atburða, sem gerzt hafa í Vestmannaeyjum. Hið opinbera þarf þegar að leggja fram mikla fjármuni af þessari ástæðu og munu þessi framlög halda áfram að vaxa næstu daga og vikur, þótt allt snúist á hinn bezta veg. Vestmannaeyjum þarf að veita margvíslega aðstoð, sem enginn mun telja eftir, en þessi aðstoð verður þá því aðeins veitt, að allir, sem um það eru færir, leggi eitthvað af mörkum.

Eðlilegt er, að það verði eitt af fyrstu verkum Alþingis, þegar það hefur störf að nýju, að afla fjár vegna þessara útgjalda. Eðlilegt er jafnframt, að þess fjár, sem þannig verður aflað, verði ekki blandað saman við fjármuni ríkissjóðs, heldur verði það látið renna í sérstakan sjóð, sem eingöngu verður notaður til stuðnings Vestmannaeyjum. Ríkisstjórnin hóf, strax eftir að gosið hófst í Vestmannaeyjum athugun á því, hvernig best yrði aflað fjár í þessu skyni og hafa þingflokkarnir haft hugmyndir hennar til athugunar. Þess er að vænta, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir Alingi í byrjun næstu viku.

Vitanlega er þetta verk vandasamt. Mikilsvert er sökum allra málavaxta, að um slíka tekjuöflun geti náðst sem mest samstaða. Ríkisstjórnin hefur líka reynt að hafa sem mest samráð við stjórnarandstöðuflokkana um þetta efni. Það er því alveg ótímabært og ástæðulaust þegar Mbl. fer að mæla sérstök varnaðarorð til ríkisstjórnarinnar í forustugrein sinni í gærmorgun og vara hana við að tengja slíka fjáröflun við önnur efnahagsmál. Vitanlega verður ekki hjá því komizt, að hafa hliðsjón af öðrum þáttum efnahagsmálanna, þegar nýjar álög eru lagðar á, t.d. hliðsjón af stöðu atvinnuveganna, sem allt veltur nú á að gangi sem best. Ef menn ætla að fara að metast um þessa fjáröflun á þennan hátt, geta hlotizt af því margháttadar deilur. Væntanlega verður komizt hjá því. Nóg er til að deila um samt.

Ríkisstjórnin mun fylgja þeirri stefnu í sambandi við málefni Vestmannaeyja, að reyna að forðast um þau deilur og hafa sem allra best samráð við stjórnarandstöðuna og fulltrúa Vestmannaeyinga. Vonandi næst samstaða um þessi vinnubrögð.

Afstaða Rússa

Eysteinn Jónsson, forseti Sameinaðs þings, flutti góð tíðindi frá Sovétríkjunum, en hann var þar nýlega á ferð ásamt nokkrum þingmönnum öðrum. Þessi tíðindi eru á þá leið, að Rússar ætla sér ekki að láta skip sín veiða inn- 50 milna fiskveiðilandhelgi Íslands, þótt þeir viðurkenni hana ekki formlega og ætla á hafréttarráðstefnunni, að berjast fyrir 12 milna fiskveiðilögsögu, ásamt sérstökum undanþágum fyrir strandríki utan hennar.

Bretar og Vestur-Þjóðverjar ættu að sýna í verki, að þeir hafi ekki minni skilning en Rússar á sérstöðu Íslands í þessum efnun.

D. P.

ERLENT YFIRLIT

Hvenær hefjast samskipti Bandaríkjanna og Kúpu?

Edward Kennedy vill láta þau hefjast strax

EFTIR að samið hefur verið um vopnahlé í Vietnam, og Bandaríkin hafa viðurkennt stjórnina í Norður-Vietnam, eiga þau ekki í meiriháttar deilu nema við eitt ríki, — deilu, sem er þess eðlis, að þau hafa ekki stjórnmalasamband við það. Þetta ríki er Kúba. Röddum fjölgar nú mjög í Bandaríkjunum um að stjórn Bandaríkjanna eigi að stefna að því að koma á eðlilegum samskiptum við Kúbu. Meðal þeirra, sem nýlega hafa gerzt talsmenn þess, er Edward Kennedy öldungadeildarþingmaður. Hann hefur nýlega birt um þetta ítarlega grein í New York Times og fleiri blöðum. Hann hefur einnig minnt á þetta í ræðum, sem hann hefur haldið undanfarið. Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir nokkrum meginatriðum í þessum málflutningi hans.

EFTIR að hafa reynt að einangra Kína í aldarfjórðung, hafa Bandaríkin hafið vinsamleg skipti við Kína. Eg hóf strax máls á þessu fyrir þremur árum og fagna því þeirri þróun, sem hér hefur orðið. Þá er í þann veginn að komast á stjórnmalasamband milli Bandaríkjanna og Austur-Þýskalands. Allt er þetta eðlileg þróun, en næsti áfangi hennar ætti að verða sá, að samskipti milli Bandaríkjanna og Kúbu kæmst aftur í eðlilegt horf. Fyrst okkur tókst að brúa 9000 míla breitt haf milli Bandaríkjanna og Kína, ættum við að geta brúað 90 míla breitt sund milli Bandaríkjanna og Kúbu.

RETT er að taka það strax fram, að ekki felst í því nein viðurkenning á stjórnarhátt-Kúbu, þótt eðlileg samskipti hefjist milli landanna. Með því er ekki verið að leggja neina blessun yfir stefnu og störf ríkisstjórnar, sem hefur hrakizt hálfu milljón manna úr landi og heldur pólitískum andstöðingum í fangelsum í þúsundatali. Við erum ekki að viðurkenna ófrelsið og kúgunina á Kúbu, þótt komið verði á venjulegum samskiptum. Við viðurkennum í dag fjölmargar ríkisstjórnir, sem beita svipuðum aðferðum, og veitum meira að segja mörgum þeirra margvíslega efnahagslega aðstoð. Í því felst samt engin viðurkenning á stjórnarháttunum.

DEILAN milli Bandaríkjanna og Kúbu hófst, þegar Castro þjónytti eignir Bandaríkjanna á Kúbu og ekki náðist neitt samkomulag um greiðslur fyrir þær. Fyrsta svar Bandaríkjanna var að draga úr sykurinnflutningi frá Kúbu og næsta skref að veita útlögum þáðan hernaðarlega hjálfun. Í ársbyrjun 1961 sleit Eisenhower stjórnmalasambandið við Kúbu og þremur mánuðum seinna stóð Kennedy forseti að hinni misheppnuðu innrás við Svinaflóa. Kennedy viðurkendi síðar, að sú tilraun hefði verið hin verstu mistök. Í kjölfar hennar kom hernaðaraðstoð Sovétríkanna við Kúbu, sem náði hámarki sínu, þegar Rússar hugðust setja þar upp eldflaugastöðvar. Bandaríkin stöðvuðu þær fyrirætlánir Rússa með því að hótta banni á siglingar þeirra til Kúbu. Síðar hafa Rússar ekki veitt Kúbu aðra hernaðaraðstoð en



Hvenær hittast Nixon og Castro?

þá, sem hefur verið fólgin í því að styrkja varnir landsins. Við brögð Bandaríkjanna hafa verið fólgin í því, að fá Kúbu rekna úr samtökum Ameríkubjóðanna og fá þær til að leggja viðskiptabann á Kúbu, ásamt Bandaríkjunum. Gangsvar Castos og Rússa var að reyna að styrkja skæruhláhreyfingar í Suður-Ameríku eftir megni og reyna að magna kommunistískan áróður þar á allan hátt. Um skeið þótti stafa nokkur hættfa af þessu.

SÍÐUSTU árin hafa orðið verulegar breytingar í þessum efnun. Hættan, sem Suður-Ameríku var talin stafa af Castroismannum, er löðin hjá. Viðleitnin til að koma upp kommunistískum skæruhlá-samtökum í Suður-Ameríku beid fullkomið skipbrot, þegar Che Guevara féll í Bólvíu, byltingarmenn í Suður-Ameríku lita ekki lengur á Castro sem einhverja fyrirmynd. Efnahagsstjórninni á Kúbu hefur tekizt svo illa, að Suður-Ameríkumenn, sem voru hrifnir af Castro í byrjun, telja hana nú síður en svo til eftirbreytni. Þá er það enn síður talið til eftirbreytni, hve mjög Castro hefur orðið háður Rússum. Ötinn við Castroismann er því orðinn sárallitill í Suður-Ameríku, a.m.k. miðað við það, sem áður var.

Hins vegar verður að jata, að viðskiptabannið, sem Bandaríkin reyndu að leggja á Kúbu, hefur að verulegu leyti misheppnast. Ástæðan er sú, að Bandaríkjunum hefur ekki tekizt að fá Kanada og Vestur-Evrópuríkin í lið með sér. Þessi ríki hafa haldið áfram fyrri viðskiptum við Kúbu og jafnvel aukiz þau. Viðskiptabannið hefur leitt til þess að Kúba hefur orðið miklu háðari Sovétríkjunum en ella, en það er ekki til hagsbóta fyrir Bandaríkin. Þvert á móti eru það hagsmunir Bandaríkjanna, að Kúba verði óháð Sovétríkjunum.

SAMTÖKIN um að einangra Kúbu eru nú líka öðum að ríð-

ast. Chile og Perú hafa þegar viðurkennt stjórn Castros að nýju. Fjögur ríki, eða Barbados, Guyana, Jamaica og Trinidad, hafa nýlega lýst yfir því, að þau muni bráðlega taka upp stjórnmalasamband við Kúbu. Panama og Ecuador hafa það til athugunar. Þessi mál eru því að komast á það stig, að Bandaríkin eru á göðum vegi að einangrast, nema þau breyti um stefnu. Rétt viðbrögð þeirra væru þau, að þau hefðu samráð um það við hin Ameríkuríkin að létta viðskiptabanninu af Kúbu og færa viðskiptin smám saman aftur í fyrra horf. Bandaríkin getu t.d. aukiz viðskiptin að nýju í áföngum. Í kjölfar þess geta svo komið yms önnur samskipti, t.d. menningarleg eðlis. Af hálfu Bandaríkjanna væri það eðlileg krafa, að ferðalög yrðu frjáls milli landanna og eins skipti á blöðum og bökum. Á síðara stigi kæmu svo bein stjórnmalaskipti og þeim ætti að fylgja, að stórveldin dragju allan herfla sínn frá Kúbu. Rússar hafa þar nú um 3000 hernaðarlega sérflæðinga, en Bandaríkin hafa þar flotastöð, Guantanamo, samkvæmt gömlum samningum. Þessi flotastöð getur ekki talizt mikilvæg fyrir Bandaríkin lengur og þau geta vel skipt á henni og brottflutningi rússneskra herflæðinga frá Kúbu. Slík skipti myndu áreiðanlega mælast vel fyrir í allri latnesku Ameríku.

Að sjálfsgöðu getur enginn fullrykt um, hvort þessi breytta stefna yrði mikill ávinningur fyrir Bandaríkin eða ekki. Aldrei er hegt að segja fyrir um með nokkurri vissu, hver framvandan verður. Hitt er hins vegar öruggt, að sú stefna, sem fylgt er nú, hentar ekki lengur. Hún getur ekki orðið til annars en tjóns og óhags, ef henni verður fylgt áfram. Öllum breytingum fylgir vitanlega áhætta, en í þessu tilfalli er mesta hættan fólgin í því að standa í stað og reyna að halda í það, sem ber-sýnlega hentar ekki lengur.

D. P.

Dýrin í Eyjum gleymdust ekki

Mörg trylltust af hræðslu, en nú sem óðast verið að bjarga þeim þaðan eða aflífa þau að öðrum kosti

Stp—ÞÓ—Reykjavík.
Römm er taugin manna og dýra í millum. Það sannast áþreifanlega í yfirstandandi atburðum í Eyjum. Íbúar þar eiga fjölda gæludýra, — hunda, katta, hamstra og skjaldbökur. Líka var svo allmikili um búfé: hesta, kindur, kýr og hænsemi. Samband íslenskra dýraverndunarfélaga, sem er falið um stofnun og févana, hefur átt í miklum önnum undanfarna daga og á enn. Síminn hefur hringt látaust í skrifstofu sambandsins. Eyjabúar þeir, sem enn hafa átt dýr í Eyjum, hafa grátbænt Dýraverndunarfélagið um aðstoð til að ná dýrunum í land — eða gera aðrar ráðstafanir.

Við höfum í gær samband við Jörundi Sörensen, sem er í stjórn Sambands íslenskra dýraverndunarfélaga, og spurðum hana, hvornig málið væri nú háttað.
— Það hefur verið hringt alveg gífurlega mikið út af ýmsum dýrum, aðallega köttum, en einnig út af hundum, búrfuglum, hömstrum, skjaldbököm og fleiru. Ég fór í gær ásamt öðrum manni til Þorlákshafnar til að taka á móti tótt fuglabúrum og einnig hömstrum og skjaldbököm. Ég hef komið öllum fuglabúrunum til skila, nema þrennur, sem enn eru hjá mér. Því miður eru enn a.m.k. þrjú fuglabúur á lögreststöðinni í Eyjum, sem ég veit, að eigendurnir hafa miklar áhyggjur af.
— Þú sagðir, að mikið hefði verið um fyrirsurnir út af köttum.

— Já, það hefur líklega verið hringt út af 40-50 köttum, en auk þess hefur fólk sótt sjálf nokkra ketti og margir tóku köttinn með sér á flóttanum á þriðjudagsnótt. Ég hef fengið hingað einn kött,

köttinn Durg, sem er í eigu Bjarna Bjarnasonar dýralæknis og í geysilegu upphaldi á heimilinu. En þetta er ægilegt vandamál. Í mörgum tilfellum var lögreglan búin að aflífa kettina, en í öðrum tilfellum fundust þeir alls ekki. Það sama er að segja um hundana. Blessuð dýrin hafa líklega orðið tryllt af hræðslu og blaupið eitthvað í felur. Sumir eigendurnir komu sjálfir og létu aflífa dýrin.

— Nú er búið að lóga öllum kúnum í eyjum. En hvað með hestana og kindurnar?

— Herkulesvél frá Varnarliðinu fer í dag og sækir kindurnar, sem eru alls 625, og kemur með þær til Keflavíkurflugvallar. Búið er að fá pláss, að ég held, fyrir kindurnar á Keldnaholti, sem er í eigu ríkisins, allar á sama stað. Hestarnir, rúmlega 40, eru komnir hingað. Eru sumir þeirra á Klængsseli í Flóa, Fákur tók nokkra og öðrum hafa eigendurnir sjálfir ráðstafað hjá ýmsum einstaklingum.

— Hefur hænsum verið ráðstafað?

— Hænsein voru alls um fjögur þúsund í Eyjum, en eigendurnir voru ósammála um, hvað gera skyldi við þau. Veit ég, að mikið er búið að höggva af þeim, og líklega eru bara unghænsemi og ungar eftir. Það var búið að fækka þeim á milli, en ég hafði spurnir af síðast. Það eru líkur til, að hægt verði að koma þeim fyrir á Bessastöðum, en öruggt er, að hægt verður að fá þeim pláss á Vífilstöðum. Hænsein eru enn í Eyjum, en eftir því, sem ég best veit, er meiningin að koma þeim til landsins í einhverjum af Heklu-ferðunum.

Eins og frá er skýrt hér að framan höfust fjarflutningarnir í gær, og var alls komið með 120 kindur. Var féð allt vel á sig komið, og virtist enga hnekkja hafa beðið af völdum gossins, enda hefur það verið í húsum inni og haft gjöf. Upphaflega stóð til að farga því, en hætt var við það fyrir atbeina dýraverndunarmanna, sagði Asgeir Hannes Eiríksson frá Dýraverndunarfélaginu. Fjórir menn fóru til Eyja og komu því saman á einn stað.

Fyrsta fjarflutningavélin kom á Keflavíkurflugvöll um fjögurleitið í gær með þrjátíu og sjö kindur, og gekk ferðin vel, þó að flugbrautin í Eyjum væri orðin mjög þungfær eftir vikurfallið. Alls voru notaðar þrjár flugvélar til þessara ferða. Féð var geymt niðri í kaupstaðnum, og voru jarðbútur notaðar til þess að flytja það á flugvöllinn.

Tvo fjäreigendur úr Eyjum hittu við á flugvöllinum, Guðmund Kristjánsson og Guðjón Valdason. Guðmundur sagðist eiga 35 ær, og hefði það verið sitt tómstundagaman að eiga fáeinir kindur. Sagðist hann lítið myndi sjá fé sitt eftir þetta, því að það verður flutt austur í Gunnarsholt. Guðjón Valdason, kunnur skipstjóri, er lengi var með Kap, kvaðst eiga tuttugu til þrjátíu kindur. Let hann í ljós, að hann hefði helzt við það láta skjóta þær uti í Eyjum, því að þessi þvælingur á fénu væri honum ekki að skapi.

Fjarflutningunum verður sennilega haldið áfram í dag, og þá verða einnig sóttir fimm kálfar, sem gleymdist að skjóta á dögnum.



Féð á Keflavíkurflugvelli. Timamynd: Gunnar.

Hafnarbúur heita aðstoð

AA—Höfn.

A fundi hreppsnefndar Hafnarhrepps, 23. jan. sl. var m.a. eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Vegna eldgossins í Heimaey, sem hófst s.l. nótt, tjáir hreppsnefnd Hafnarhrepps bæjarstjórn Vestmannaeyja og öllum Vestmannaeyingum samhug sinn og dár framkomu þeirra undir ögnvekjandi kringumstæðum. Hreppsnefndin þakkar öllum þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, fyrir hið mikla og vel skipu-

lagða hjálparstarf, sem unnið hefur verið á skömmum tíma, svo sem brottflutningur íbúanna í land og allhófa hjálparstarf. Það er einlæg ósk okkar, að hin blómlega byggð Vestmannaeyja megi standa af sér þetta áfall, og hið fjölbætta athafnaflíð staðarins megi hefjast sem allra fyrst.

Hins vegar heitir hreppsnefndin Vestmannaeyingum allri þeirri aðstoð, sem hún telur sér fært að veita.“

Ammoníak flæddi út í vinnusalinn

JH—Reykjavík.
Um hádegisbilið í gær flæddi ammoníak út í Hraðfrystihús Eskifjarðar, er slanga hrökk af tæki. Ammoníak er, sem kunnugt er, baneittrað, en svo vel vildi til, að fólk, sem vann í frystihúsinu, var í mat, og vélstjórar tveir, er þar voru, Albert Guðnason og Gunnar Hallgrímsson, brugðu þegar við og stöðvuðu ammoníakrennslið.

— Það eru alltaf gasgrímur til taks, sagði Magnús Bjarnason,

forstjóri hraðfrystihússins, og vélstjórnarnir voru fjórir að átta sig og kunnur réttu tókin. Það voru eitthvað tíu lestar af fiski í vinnslu, og sá fiskur varð önytur, því að loftið í frystihúsinu mettaðist ammoníaki. En það komst ekki inn í frystiklefana, svo að allt er óskemmt, er þar var í geymslu.

— Annars er þetta atburður, sem alltaf getur viljað til, sagði Magnús. Eitthvað þessu líkt gerist iðulega í frystihúsum.

— fólk var í mat og vélstjórnarnir brugðu á sig gasgrímum

DAUÐASLYS Á REYKJANESBRAUT

— er fólksbifreið rann undir vörubílsþall

Klp—Reykjavík.

Um klukkan tvö í gærdag var


lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um mjög harðan árekstur á

Reykjanesbraut, skammt sunnan Krísvíkuvægar. Jafnframt var beðið um sjúkrahöfn, því barna hefði orðið mikið slys á fólki.

Þegar lögreglar og sjúkraliðið kom á staðinn, voru þar fjórar konur í fólksbíl, sem ekið hafði verið á ská undir vörubílsþall. Voru þrjár þeirra mikið slasaðar, en ein konan, sú sem ók bílnum, var þá látin. Fólksbíllinn, sem konurnar voru í, var á leið suður Reykjanesbraut og var vörubifreiðin á undan. Mjög hált var á vegum og er talið, að fólksbifreiðin hafi runnið til, er hún ætlaði að fram úr vörubifreiðinni og lent undir pallinum. Hún mun hafa komið undir pallinn og lent á afturhjólinum á vörubílnum, en þau slitnuðu undan við höggið.

Talið er, að konan sem ók bílnum, hafi látist samstundis, en hinar konurnar slésuðust allar mikið, þó ekki lífshættulega. Voru þær fluttar á Slysavörðstöfuna, þar sem gert var að sárum þeirra.

Fólksbifreiðin er talin gjörörynt, og vörubíllinn mikið skemmdur.



Á slysstaðnum á Reykjanesbraut áður en bíllinn, sem ekið var á, var fjarlægður. Það sýnir, hve höggið var mikið, að afturhásing vörubílsins fór undan. — Timamynd: Gunnar.

LOÐNUÆVINTÝRID HAFID

– 12 bátar með 3500 tonn

ÞÓ—Reykjavík.

Segja má, að loðnuveidin hafi byrjað fyrir alvöru í fyrrinótt, en vitað er um 12 báta, sem þá fengu á fjórða þúsund lestrir af loðnu um það bil átta sjómilur austsuðaustur af Hvalbak.

Jakob Jakobsson fiskifræðingur sagði í gær, þegar við ræddum við hann, að úr þessu mætti búast við, að loðnuveidin hefist af miklum krafti á næstu dögum. Veidin í fyrrinótt var

mjög misjöfn, en aftur á móti köstuðu bátarnir mikið, og sumir köstuðu allt upp í sex sinnum yfir nótina. Mikill straumur er á miðunum kringum Hvalbak og því erfið að ná loðnunni, en eftir því, sem loðnan nálgast landið, verður betra að eiga við hana.

Þegar við töluðum við Jakob, var Arni Friðriksson á suðurleið, um 26 milur suðaustur af Gerði. Aður hafði verið leitað á svæðinu frá Digranesi að Glettinganesi, en á því svæði er önnur gangan. Suðurbroddur þeirrar göngu er nú komin á mót við Glettinganes á námkvæmlega sama stað og fyrsta gangan var 14. janúar, þannig að þessi ganga er 12 dögum á eftir fyrri göngunni. Þessi ganga virðist ganga mjög akveidd í suðurátt og virðist hraðinn á henni vera um 15 milur á dag. Í þessari göngu virðist vera talsvert mikið magn á ferðinni, sagði Jakob.

Flestir bátarnir, sem lengu loðnu, fóru til Neskaupstaðar, en

þangað komu sex bátar í gær með um 1500 lestrir af loðnu. Eru það Gisli Arni með 350 lestrir, Grind-

vikingur með 350 lestrir, Súlan með 400 lestrir, Þórður Jónsson með 300 lestrir og tveir bátar komu með slatta, og var tekið af þeim í frystingu.

Til Reyðarfjarðar komu tveir bátar, Guðmundur RE með 650

lestrir og Þorsteinn með 300 lestrir. Þá kom Asgeir með 300 lestrir til Seyðisfjarðar og til Djúpvogsvogs kom Örn með 76 lestrir. Einnig er vitað um báta, sem fóru til Fæskrúðsfjarðar, en ekki er vitað um afla þeirra.

Hætta á auknum átökum á N-Írlandi um helgina

NTB—Belfast.

Tveir menn særdust í vopnaðri árás í hverfi kaþólskra, Falls Road, í Belfast í gær. Talið er, að um tilraun til manndrápa af yfir-lögðu ráði hafi verið að ræða. Íbúar hverfisins telja, að hér hafi meðlimir írsku lýðveldisher-adsins, sem nú hufur verið bann-adsur með lögum, verið að gera upp sakir sín á milli innbyrðis. Meðslí mannanna eru ekki alvarleg, þótt arásarmennirnir skytu á þá sex skotum.

Skotarásir og sprengingar eiga sér jafnt og þétt stað í borginni, og nú óttast yfirvöld enn alvarlegri átök, því á sunnudag 30. janúar er eitt ár liðið frá því að 13 kaþólskir

létu lífið í bardaga við brezka hermenn, sem reyndu að stöðva mótmælaáðgerðir.

Á sunnudag er í ráði að efna til fríðsamlegra mótmælaáðgerða til að minnst þessara blöguu atburða fyrir ári.

Okumaður brezks sjúkrahalls særðist, er leytniskyttu hæfið hann

fyrir utan Belfast.

Aðfaranótt föstudags lézt kaþólski dómariinn, William Staunton, á sjúkrahúsi af völdum meiðsla, sem hann hlaut í skot-árár fyrir þremur mánuðum. Hann er sá 391., sem lætur lífið í óeirðunum, sem nú hafa staðið á Norður-Írlandi í þrjú ár.

Vatnsbyssa notuð til að kæla hraunið?

ÞÓ—Reykjavík.

Nú er verið að kanna hvort stór og fullkomin vatnsfallbyssa gæti komið að notum við að sprauta á hraunröndina, sem snýr í vestur í Vestmannaeyjum. Ef það tekst, þá storknar hraunröndin og gæti það orðið til þess að hraunið stöðvaðist þar og rynnir í þess stað allt í austerátt, en það er einmitt óskadraumur allra, að hraunið renni eingöngu í austerátt, það er til sjávar.

Sveinn Einarsson slökkviliðs- stjóri á Keflavíkurflugvelli og vaktformaður hjá slökkviliðinu fóru með flugvél til Vestmanna-eyja í gær, til að kanna allar að- stæður. Með sér höfðu þeir vatns- fallbyssu, og ef möguleiki virðist vera fyrir því að nota byssuna, þá verður henni komið fyrir á hafnsögubátum Lóðsinn í Vest- mannaeyjum.

Ad sögn slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli í gær, þá er hér aðeins um möguleika að ræða, og vildu þeir ekkert gizka á, hvornig til tækist.

Styrkir úr vísindasjóði

Styrkir Vísindasjóds- árið 1973 hafa verið auglýstir lausir til umsóknar, og er um- sóknarfrestur til 1. marz. Sjóður- inn skiptist í tvær deildir: Raun- vísindadeild og hugvísindadeild.

Raunvísindadeild annast styrk- veitingar á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, lífeðlisfræði, jarðfræði, jarðeðlis- fræði, dýrafræði, grasfræði, erðafræði, búvísindi, fiskifræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrk- veitingar á sviði sagnfræði, bók- menntafræði, málvísinda, félags- fræði, lögræði, hagfræði, heim- speki, guðfræði, sálfræði og upp- eidsfræði.

Hlutverk Vísindasjóds er að efla islenzkar vísindarannsóknir, og í þeim tilgangi styrkir hann:

1. Einstaklinga og vísindastofn- anir vegna tiltekinnar rannsókn- arverkefna.

2. Kandidata til vísindalegs sér- náms og þjálfunar. Kandidat verður að vinna að tilteknum sér- fræðilegum rannsóknum eða afla sér vísindapjálfunar til þess að koma til greina með styrkvei- tingu.

3. Rannsóknarstofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða til greiðslu á öðrum kostnaði í sam- bandi við starfsemi, er sjóðurinn styrkir.

Umsóknareyðuböðl ásamt upp- lýsingum fást hjá deildarriturum, í skrifstofu Háskóla Íslands og hjá sendiráðum Íslands erlendis. Athygli skal vakin á því, að ný gerð eyðublaða hefur verið tekin í notkun.

Umsóknir skal senda deildar- riturum eða í pósthólf Vísinda- sjóds 609.

Deildarritarar eru Guðmundur Arnlaugsson rektor fyrir raunvís- indadeild og Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður fyrir hugvís- indadeild.

Kardimommubærinn á Akureyri

Næstkomandi sunnudag þann 28. janúar frumsynir Leikfélag Akureyrar hið alkunna og vinsæla barnaleikrit Kardimommubærinn eftir Thorbjörn Egner.

Efingar hófust í desember og koma tuttugu og átta manns fram í leiknum í ymsum gervum, þar má sjá asna, talandi kameldýr hunda og ketti að ogleymdu ljóni ræningjanna.

Ræningjanna þrjá leika þeir Gestur Einar Jónsson, Þráinn Karlsson og Víðar Eggertsson. Marínó Þorsteinnsson leikur Bastian bæjarfógeta og Soffiu frænku leikur Sigurveig Jónsdóttir.

Börninn, Kamillu og Tomma, leika Hjördís Nanna Jónasdóttir og Nökkvi Bragason. Reynir Jóns-

son stjórnar hljómsveit Kardi- mommubæjar og Þráinn Karls- son gerði leiktjórn. Leiktjórnir er Magnús Jónsson.

Kardimommubærinn hefur tvi- vegis verið sýndur í Þjóðleikhúsi- nu og naut þar geysimikilla vin- sælda sem kunnugt er. Þá eru lögin ur leiknum alþekkt úr út- varpi og af hljómplötunni og er það heppilegt, því ætlað er til að áhorfendur taki undir í fjólda- söng.

Á síðastliðnu ári sýndi LA leik- ritin Dýrin í Hálsaskógi eftir sama höfund og var það velstótt sýning og er ekki að efa að börnin munu skemmta sér vel við að kynna fólk, dýrum og ræning- um í Kardimommubæ.

Klp—Reykjavík. Í fyrrinót var tilkynnt til lögreglunnar, að þjóf- ar hefðu þá skómmu áður verið á ferð í íbúð í Fossvogshverfi og stolið þaðan á annað hundrað þúsund krónum í peningum.

Þegar lögreglan kom á staðinn, kom í ljós, að þjófarnir höfðu komizt inn um svalahurð, sem ekki var læst, og gengið um íbúð- ina á meðan íbúarnir hefðu verið í fasta svefni. Þeir hefðu þó vaknað við einhvern skurðing, en þá hefðu þjófarnir tekið til róttanna sömu leið og þeir komu, og horfið út í myrkið.

Húsbóndinn saknaði þegar á annað hundrað þúsund króna í peningum, auk gjaldeyris, en þessa peninga hafði hann haft heima hjá sér þessa nótt.

Í gær handtók lögreglan tvo menn, sem áður höfðu komið við sögu hennar, grunaða um þennan þjófnað. Þeir neitðu með öllu að hafa komið nálægt þessu húsi, en þegar gengið var á þá, og á þeim fundust nær 80 þús. krónur í pen-

ingum, sem þeir gátu ekki útskýrt nægilega vel, hvar þeir hefðu fengið, guguðu þeir og viður- kendu þjófnaðinn. Höfðu þeir valið þessa íbúð til innbróts, þegar þeir sáu, að svalahurðin á henni var ólæst og fundið peningana eftir skamma leit.

Þeir voru báðir búnir að fata sig upp fyrir peningana og að auki keypt sér vönduð úr. Þar að auki höfðu þeir eytt drjúgum peningi í

mat og drykk og gefið eða lánað annað eins.

Varla þarf að brýna fyrir fólk að loka öllum hurðum og gluggum vandlega, áður en það fer að sofa og að geyma ekki peningana eða önnur verðmæti á glámbekk. Þjófur hér á landi gerast nú ærið bíraförir og setja það ekki fyrir sig upp fyrir peningana og að auki sér færi, hvort sem þar er fyrir fólk eða ekki.

Akureyskur matseðill:

Confecte (lafe Milli Foto)

Í veitingahúsum er iðkaður sá skringilegi síður að prenta nöfn á flestu, sem á borð er horið á frönsku, og getur stundum verið stutt úr þessari matseðlafrönsku yfir í golfrönskuna. Þaðan hefur sennilega höfundur Lúsodda- greinarinnar frægur, sem birtist í Morgunblaðinu á árunum, fengið hugmynd sína, en hann stafsetti nafn Lúsodda á dælitití annarleg- ann hátt og gerði úr honum við- kunnann og athafnasaman Ís- landsvín í útlandinu.

Til eru forráðamenn veitinga- húsa, sem hafa nóg skopskyn til

þess að sjá, hvað broslægir þessir matseðlar geta verið, þegar þeir eru komin nöfn á alþekktum, is- lenzskum mat í annarlegu gervi. Þess vegna lét líka ráðamaður Bautaens á Akureyri prenta mat- seðil til notkunar í byrjun þorra, þar sem meðal annars var getið þessara rétta á dælitití itölsku- skotinni golfrönsku:

Suro Bringokollu de Animale, Brendo Hauses de Rolla, Confecto (Lafe Milli Foto), Hacarles (Multo Fylo) og Flesko Nokotine (la Krabbe).



Frá vinstri: Jónatan (Gestur Einar Jónsson), Kasper (Þráinn Karlsson) Jesper (Víðar Eggertsson), frú Bastian (Elín Antonsdóttir) og Bastian bæjarfógeti (Marínó Þorsteinnsson).

Umsjón: Alfred Þorsteinsson

ÍPRÓTTIR

Verður tekið mark á pressuleiknum?

Nýju landsliðsnefndinni virðist hafa tekið vel valið á fyrsta landsliðinu, sem mætir pressuliði n.k. miðvikudag

Alf—Reykjavík.
— Hinni nýju landsliðsnefnd í handknattleik, sem Karl Benediktsson, Jón Erlendsson og Páll Jónsson skipa, virðist hafa tekið vel sitt fyrsta landsliðsval. Hafa þeir valið landslið, sem mætir pressuliði á miðvikudagskvöld, en pressuleikurinn er undirbúningsleikur fyrir landsleikina við Grúsiumenn, sem verða í Laugardalshöllinni í byrjun febrúar.

En litum þá á landsliðið: Markverðir: Hjalti Einarsson, FH Birgir Finnþogason, FH Aðrir leikmenn: Geir Hallsteinsson, FH Auðunn Óskarsson, FH Sigurbergur Sigsteinsson, Fram Björgvin Björgvinsson, Fram Axel Axelsson, Fram Ólafur Jónsson, Val Gunnsteinn Skúlason, Val Ágúst Ógmundsson, Val Einar Magnússon, Viking Guðjón Magnússon, Viking.

Í fljótu bragði virðist gott samræmi milli langskyttna og línumanna og vel séð fyrir vörninni. Auðvitað má alltaf deila um það, hverjir séu bestu markverðirnir, en ekki sýnist óeðlilegt, að FH-markverðirnir séu valdir í fyrstu atrennu. Aðrir markverðir, sem til greina koma, ættu að fá tækifæri með pressuliðinu, en það



Sigurbergur Sigsteinsson leikur með landsliðinu á miðvikudagskvöldið, þegar það mætir pressuliðinu. Myndin var tekin í leik Hauka og Fram í Íþróttahúsinu í Hafnarfirði. Á mánudagskvöldið mætast liðin í Laugardalshöllinni.

verður valið um helgina og tilkynnt á mánudag. Það er nokkuð langt síðan pressuleikur í handknattleik hefur farið fram. Hér áður fyrr

þóttu þeir nauðsynlegir, áður en landslið var endanlega valið. Vonandi byðir pressuleikurinn á miðvikudagskvöld, að um stefnubreytingu sé að ræða hjá

HSÍ og fullt tillit verði tekið til leiksins og úrslita hans, þegar landsliðið verður endanlega valið. Því einungis þá þjóna pressuleikur tilgangi sínum.

Reykjavíkurvíkurmótið fyrir á ferðinni

— Fram og Þróttur leika fyrsta leikinn 14. apríl

Alf—Reykjavík.
— Reykjavíkurmótið í knattspyrnu hefst nokkuð fyrir í ár en verði hefur undanfarin ár, en ákveðið hefur verið, að fyrsti leikur mótsins fari fram laugardaginn 14. apríl. Mætast í þessum fyrsta leik Reykjavíkureiðstara Fram og Þróttur. Annar leikur mótsins fer fram daginn eftir, 15. apríl, og verður hann milli Víkings og Vals. Og þriðji leikurinn fer fram mánudaginn 16. apríl milli KR og Armanns.

TEKST VALSMÖNNUM AÐ LEGGJA REYKJAVÍKURMEISTARANA AÐ VELLI?

— Fjórir leikir í 1. deild Íslandsmótsins í handknattleik um helgina

Nú um helgina verða leiknir fjórir leikir í 1. deild Íslandsmótsins í handknattleik og verða þá öll 1. deildarliðin í sviðsljósinu. Á sunnudagskvöldið leika IR og KR, síðan Armann og FH. Á mánudagskvöldið mætast Valur og Vikingur, síðan Fram og Haukar. Bæði leikkvöldin hefjast kl. 20.15. Leikurinn, sem vekur mesta athygli, er leikur Vals og Víkings, en þessi lið eru í toppbaráttunni og er þýðingamikill, því að hvert stig er orðið dýrmætt.

Leikirnir á sunnudaginn verða örugglega tvísynir og spennandi, KR-liðið verður að fara að vinna leik, því að liðið er í mjög mikilli fallhættu. Nú er möguleiki hjá

KR, því að IR-liðið sem byrjaði svo vel í Íslandsmótnu, virðist vera komið í öldudal. Þá leikur Vilhjálmur Sigurgeirsson ekki með IR-liðinu og er það mikill missir fyrir liðið, því að hann er heilinn í spili lífsins. Stendur Armann í FH-liðinu, það er spurning, sem erfið er að svara. Síðast þegar liðin mættust, vann FH með eins marks mun og var heppið að hlada báðum stigunum, því að í leik liðanna sem fór í fram í Hafnarfirði, voru Armanningar með knöttinn í hraðupphlaupi, þegar leiknum lauk. Nú er Armannslíðið komið af hættsvæðinu á botninum í 1. deild og ætu því að leika afslappaðir gegn FH. Hvort Armanningum tekst að vinna FH, látum við ósvarað.

Á mánudaginn fer fram einn af úrslitaleikjum Íslandsmótsins, þá leika liðin, sem börðust um Reykjavíkureiðstaraútlitin, Vikingur og Valur, — leikur lið-

anna verður örugglega spennandi, enda alltaf gaman að sjá Víkingsliðið leika — þar er á ferðinni lið með góðar stórskyttur og skemmtilegan sóknarleik. Valsliðið leikur sterkan varnaleik, en tekst „Muningsvélinni“ að stöðva Einar og Co.

Síðari leikurinn á mánudagskvöldið verður leikur liðanna hans Karls Benediktssonar, en hann þjálfar bæði Fram og Hauka. Framliðið verður að vinna leikinn, ef það á að vera með í baráttunni um Íslandsmeistaratiðlinn, en það er að heyrja á leikmönnum Fram, að þeir ætli að verja Íslandsmeistaratiðlinn.

Framliðið er það lið, sem hefur mátt þola mestu blóðökuna undanfarin ár, liðið hefur misst ýms leikmenn, síðasti leikmaðurinn hatti fyrir mánuði, en það er hinn efnilegi Sveinn Sveinsson, sem er aðeins 18 ára, en við hann tengdu Framarar miklar vonir. — SOS

ÍSÍ VEITIR ÍBV AÐSTOÐ

Alf.—Reykjavík.
— Eins og skýrt var frá á íþróttasíðu Tímans fyrr í vikunni, hefur Vestmannaeyingum verið boðin aðstoða í sambandi við Íþróttæfingar í Reykjavík. Jafnframt hefur framkvæmdastjórn ÍSÍ veitt ÍBV 50 þús. kr. fjárhagsaðstoð. Þá má geta þess, að hafin er söfnun meðal Íþróttafólks að tilstuðlan Styrktarfélags ÍA.

Hér á eftir fer tilkynning ÍSÍ:

„Svo sem alþjóð er kunnugt, hefur verið mikil gróska í íþróttastarfsemi Vestmannaeyinga á undanförnum árum, og úr þeirra röðum hafa komið margir af vöskustu íþróttamönnum landsins, bæði í einstaklings- og hópíþróttum.

Vegna hinna óvæntu og voveifleguathurða sem gerzt hafa í Vestmannaeyjum, var haldinn fundur í gær með fulltrúum frá Íþróttabandalagi Vestmannaeyja í því skyni að kanna, hvernig mætti viðhalda og halda áfram íþróttastarfsemi þeirra við þessar óvæntu kringumstæður. Voru á fundinum forseti ÍSÍ, íþróttafulltrúi ríkisins, íþróttafulltrúi Reykjavíkurborgar og formaður og framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Fundurinn lýsti sig reidubúinn til að gera allt, sem mögulegt væri, til að Vestmannaeyingar fengju aðstoðu til að iðka þær íþróttgreinar, sem þeir leggja mesta áherzlu á. Í því sambandi var Vestmannaeyingum boðin aðstoða á Melavellinum til æfinga og samþykkt var að fara þess á leit við Íþróttafélögin í borginni, að þau létu af hendi nokkra æfingartíma í Íþróttahúsum.

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ í gær var einnig samþykkt að veita Í.B.V. kr. 50.000.00 í fjárhagsaðstoð til að byrja með við að koma íþróttæfingum af stað, og jafnframt er þeim boðin aðstoða til fundarhalda í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Einnig heitir stjórn ÍSÍ Íþróttabandalagi Vestmannaeyja allri annarri þeirri aðstoð, sem Íþróttasambandið kann að geta látið í té.“

Íþróttir um helgina

Laugardagur:
Reykjavíkurmótið í frjálsum íþróttum, haldið í Baldurshaga kl. 14.00.

Körfuknattleikur: Tveir leikir í 1. deild í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi kl. 16.00.
Armann — KR
IR — HSK

Sunnudagur:
Boðhlaup frá Kambabrunn til Reykjavíkur — lagt á stað frá Kambabrunn kl. 14.00. Aætlað að hlaupararnir komi að IR-húsinu við Tungötu kl. 16.30 — 17.00 Fimm sveitir taka þátt í hlaupinu.

Reykjavíkurmótið í frjálsum íþróttum innanhúss, haldið í Baldurshaga kl. 9.30 f.h.

Sveina og meyjameistararnót Íslands, haldið á Laugarvatni kl. 14.00.

Körfuknattleikur: 1. deild, kl. 19.00 í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi.

KR — Armann
Valur — Njarðvík



Kunnur sellóleikari á vegum Tónlistarfélagssins

Kanadíski sellóleikarinn, Gisela Depkat, kom til landsins í gærmorgun. Mun hún leika hér á hljómléikum á vegum Tónlistarfélagssins næst komandi þriðjudegskvöld kl. 9 í Austurbæjarbíói. Arni Kristjánsson mun leika með henni á hljómléikum. Afnískrá tónleikanna eru verk efnir Boccherini, Bach, Debussi og Schumann.

Gisela Depkat hefur hlotið mörg mikils metin verðlaun, bæði kanadísk og alþjóðleg, er hafa rutt henni braut sem einleikara á hljómléikum með hljómsveitum í Bandaríkjunum, Kanada og í Evrópu.

Vörur frá Vestmannaeyjum

SJ—Reykjavík.

Afgreiðsla h.f. Eimskipafélags Íslands í Vestmannaeyjum hefur fengið skrifstofuáðstöðu í húsi Eimskipafélagsins, Pósthússtráti 2, Reykjavík. Vörur, sem lágu óafgreiddar á afgreiðslum í Eyjum, er gosið varð, hafa verið fluttar til Reykjavíkur. Móttakendur eru beðin að hafa samband við Bráin Einarsson í síma 21460, innanhúsnúmer 63.

Íslenzk þáttaka í alþjóðlegri húsgagnasýningu

Þann 28. janúar næstkomandi opnar í London alþjóðleg húsgagnasýning, sem stendur til 4. febrúar næstkomandi.

Þessi húsgagnasýning er aldrei stærri en nú, m.a. vegna inngöngu Breta í Efnahagsbandalagið. Þarna sýna öll Norðurlönd, fleiri þeirra í fyrsta skipti, og þar á meðal er Ísland.

Þeir sem taka þátt frá Íslandi eru:

A. Guðmundsson, Kópavogi, sem sýnir svefnbökk hannabán af Þorkeli Guðmundssyni.

Model húsgögn, Reykjavík, sem sýna stól með gæru. Trésmíðjan Meibur, Reykjavík, sem sýnir steinlagt sófaborð.

Kristján Siggeirsson, sem sýnir borð og stóla, hannaða af Gunnari H. Guðmundssyni.

Pillu- og fatapjófur á ferðinni

Klp—Reykjavík
Í fyrrið var brotitzt inn í Arbjárapótek og stolið þaðan nokkrur af peningum og talsverðu magni af pillum.

Eins og sjálfsagt flesta grunar, eru það sérstakar tegundir af pillum, sem þjófarnir sækjast eftir, og er það undarlegt, hversu oft þeim tekst að komast inn í lyfjabúðir til að stjálta þessu

Sýning fyrir börn úr Vestmannaeyjum



Akveðið hefur verið að hafa sérstaka sýningu fyrir börn úr Vestmannaeyjum á barnaleiknum Ferðinni til tunglsins í Þjóðleikhúsinu. Sýningin verður n.k. mánudag þann 29. jan. kl. 17. Aðgöngumiðar verða afhentir í Hafnarbúðum í dag, laugardaginn 27. janúar, á tímabilinu kl. 13-16. Mjög góð aðsókn hefur verið að leiknum og hefur verið uppselt á allar sýningar. Myndin er af stjórnuútléikum í leiknum.

KVEÐJUR OG BOÐ UM AÐSTOÐ

Kvenfélagið Seltjörn Seltjarnarnesi hefur í dag afhent Hjálparstofnun kirkjunnar kr. 100.000.00 til hjálpar Vestmannaeyingum með eftirfarandi kveðju:

Konur í Kvenfélaginu Seltjörn á Seltjarnarnesi senda öllum Vestmannaeyingum innilegar samúðarkveðjur vegna atburða síðustu daga og biðja þeim Guðs blessunar í erfiðleikum þeirra. Þær vilja með framlagi sínu leggja að mörkum litinn skerf til að létta Vestmannaeyingum þær

þungu byrðar, sem nú eru á þá lagðar.

Einnig óska þær eftir að verða látnar vita, ef þær gætu á einhvern hátt veitt lífsinni.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps 24. janúar s.l.:

„Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps sendir bæjarstjórn og íbúum Vestmannaeyja samúðarkveðjur vegna þeirra alvarlegra atburða, sem þar eru að gerast. Æðruleysi fólksins, yfirveguð

frankoma þess og farsæl björgun vekur hvarvetna óþandna virðing og aðdán. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps býður fram alla þá aðstoð, sem hreppsfélagið er fært um að veita“.

Ríkisstjórninni hafa borizt hluttekningarkveðjur vegna náttúrurhamfaranna í Vestmannaeyjum frá eftirtöldum ríkjum: Noregi, Írlandi, Frakklandi, Sovétríkjunum, Þýzka alþýðulyðveldinu.

Ennfremur hafa borizt hluttekningarkveðjur og boð um aðstoð frá eftirtöldum ríkjum: Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Svíþjóð, Ísrael og Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, svo og frá Lögþingi og landsstjórn Færeyinga.

Auk þess hafa borizt hluttekningarkveðjur frá mörgum einstaklingum víðs vegar að úr heiminum.

A fundi hafnarstjórnar Reykjavíkur í dag var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Hafnarstjórn Reykjavíkur sendir Vestmannaeyingum kveðjur sínar vegna þeirra væluu náttúrurhamfara, sem yfir Eyjarnar hafa dunið.

Jafnframt heitir hafnarstjórn útvegsómunn og sjómönnun frá Vestmannaeyjum allri tiltækri fyrirgreiðslu hafnarinnar“.

Hjálparstofnun kirkjunnar tekur á móti framlögum til Vestmannaeyinga samkvæmt akvörðun ríkisstjórnar. Íslands. Hjálparstofnuninni hafa borizt framlög frá einstaklingum, félögum og söfnuðum. Þá hafa Hjálparstofnuninni borizt samúðarskeyti frá erlendum aðilum og boð um hjálp frá Hjálparstofnun kirkjunnar í Danmörku og Lútherska heimsambandinu í Genf. Hjálparstofnunin hefur þakkað hlýjar kveðjur og góð boð, en telur ekki rétt að taka afstöðu til beinnar hjálpar erlendis frá, fyrr en ljósar liggur fyrir um tjón og samræmdar aðgerðir hins opinbera.

Mislingatilfellum fjölgaði síðustu vikurnar

— Ekki um faraldur að ræða enn, segir aðstoðarborgarlæknir

Stp—Reykjavík


Síðustu tölur um mislingatilfelli eru frá 6. janúar s.l. og ná yfir fyrstu viku þessa árs, þ.e. frá 31/12 — 1972 til 6/1 — 1973. Þessa viku voru skráð 17 mislingatilfelli í borginni, en vikuna á undan, síðustu viku ársins 1972, voru þau alls 11. Það virðist því greinilega vera um einhverja aukningu að ræða.

Varðandi þá spurningu, hvað helzt væri að varast við sjúkdóminn sagði Bragi, að þess bæri að geta að láta börnum ekki verða kalt og sérstaklega, ef horfur eru á því, að þeim sé að batna að hafa þau inni og hleypa þeim ekki út, fyrr en þau hafa verið minnst fjóra daga hitalaus.

Bragi kvæðst ekki vilja segja, að hér væri faraldur á ferðinni, þótt tilfellið væri allmörg. Þess má geta, að nokkuð hefur verið

bólusett gegn mislingunum hjá einum barnalækni barnaeldrar Heilsumverndarstöðvarinnar. Ennfremur sagði Bragi, að þeir, sem færu verst út úr mislingunum, væru „hínr ungfullorönu“, þ.e.a.s. fólk á aldrinum 16-30 ára eða svo, en hins vegar færu börn betur út úr þeim.

Eins og um aðra sjúkdóma gildir um mislinga, að menn eru næmari fyrir þeim, ef þeir hafa orðið fyrir kulda og vösbúð, þar sem móttöðuaf líkamans er þá slævt, svo að sykllinn nær sér auðveldar niðri. Mislingar hafa skotið sér niður alltaf öðru hvoru líti undanfarnin ár, en munu þó að líkindum hafa verið með mesta móti í fyrra. Heildarskýrslur um mislingatilfelli síðasta árs í borginni og yfir allt landið eru ekki tilbúnar enn.



60 þús. pör frá Þunni

JGK—Reykjavík
Það kemur fram í nýjasta hefti Sambandsfréttina, að á síðasta ári sá SIS landsmönnum fyrir um 14.000 pörum af skóm. Þar af eru 60 þús. frá Skóverksmiðjunni Þunni. Innfluttur skór eru að töluverðu leyti keyptir í samkaupum með samvinnusamböndum í nágrannalöndunum einkum strigaskór, sem aðallega eru keyptir frá Austurlöndum. Ymislegt fróðlegt kemur fram í Sambandsfréttunum að þessu sinni, t.d. að vaxandi áhugi er nú erlendis fyrir kaupum á full-unnun kjötöndarvörum héðan. Mannekla háir mjög starfsemi kjötöndarstöðvarinnar, einkum skortir þar þjálfada starfskrafta, og hefur ekki tekizt að anna eftirspurn til fulls.

Vikur Framhald af bls. 28.

Porbjörn Sigurgeirsson lagu í öskunni rétt hjá Akoges húsinu í gærdag og ræddu um gosið. Þá var gifurleg aska í gosinu, og gekk á með mjög miklum sprengingum öðru hverju.

Sigurður Þórarinnsson sagði fréttamanni Tímans, að í sjónum austur af Sæfelli (austur af Flugbrautinni) og suður af gossprungunni hefði hann séð smásprengingar á sjönun, líkt og áður en Sýrlingur fór að gjósa við Surtsey. Ekki vildi Sigurður spá öðru gosi þarna, en hann sagði þó, að mögulegt væri að gjósa tæki suð-vestan við núverandi gossprungu eða norð-austan við hana. Ekki væru miklar líkur til, samkvæmt reynslu fyrri ára, að gos hæfist samsíða núverandi sprungu, og staðurinn, þar sem við vorum, rétt við samkomuhúsið og Utvegssbankan ætti því að vera hvað öruggastur, því að þar væru ekki líkur á gosi.

Hekla og Herjólfur

Frá því nokkru eftir að gosið hófst í Heimaey hafa Hekla og Herjólfur verið í stöðugum ferðum með farþega bíla og farangur milli Eyja og Þorláks hafnar. Skipin urðu að bíða utan við höfnina í alla fyrri, en er tók að birta í gærmorgun, fengu

þau að fara inn. Fjöldi fólks var um borð og fékk það þrjár klst. til til að fara í hus sín og flytja dot sitt um dorð. Um kl. 2 fóru svo bæði skipin frá Vestmannaeyjum, og voru væntanleg aftur eftir 8-10

tíma. Þá eru og öðru hverju að koma inn bátar, og eru þeir hlaðnir húsmunum í hasti, og halda svo út aftur drekkláðnir. Afangastaðir þeirra eru ymsar hafnir á Suð-vesturlandi.

Þær skipta áreiðanlega orðið hundrúðum fjölskyldurnar, sem búnar eru að flytja allt lauslegt frá Eyjum, og standa útgerðarmenn og sjómenn þar bezt að vígi, því að þeir hafa bátana. Margir hafa ekki yfir að ráða bílum og verða flutningarnir því erfiðir fyrir þá. Mjög fáar flugvélar lentu á flugvælinum í gær, og mun færri fólk er í bænum eftir að öllum var skipað að fara kl. eitt í gær, en búizt var við, að aftur fjölgaði í bænum, er von var á Heklu og Herjólfu í gærkvöldi.

Gullfoss Framhald af bls. 3.

Gullfoss til Eyja. Ottar sagði, að það hefði ei verið gert, og taldi öll tormerki á að af því gæti orðið, þó svo að farið væri fram á það. Það er annað, hvað maður gerir, þegar hundruð mannsliða eru í veði, sagði hann, en Gullfoss var búið að manna með skipstjóra í landi og vélstjórum, sem nú vinna skrifstofuvinnu, ásamt samtíningi annarra, nóttina sem gosið byrjaði, og átti hann að fara út þá um morguninn. Eins og kunnugt er, voru þrjú skip Eimskips komin ur höfn á leið til Eyja innan klukkustundar frá því þar var fyrst hringt í ráðamenn, og síðan hafa skip félagsins komið þar og tekið bíla og annan varning. Hafa áætlanir mjög raskazt af þeim sökum.

OPID LAUGARDAGA KLUKKAN 9-12



KONI

HÖGGDEYFAR

sem hægt er að stilla og gera við ef þeir bíla.

SMYRILL

ARMÚLA 7 – SÍMI 84450



VEITINGAHÚSIÐ Lækjarteig 2

Hljómsevit Guðmundar Sigurðssonar Gosar- og Fjarkar

Opið til kl. 2

FLOKKSSTARFID



Hveragerði Kynningarfundur SUF

Samband ungra framsóknarmanna og pólitísk markmið í nútíð og framtíð verður umræðuféni á almennum stjórnmálafundi á hótelinu í Hveragerði n.k. sunnudag kl. 20.30.
Ráðumenn: Elías Jónsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Friðgeir Björnsson.

Þorrablot

Framsóknarfélögin í Kópavogi halda sitt árlega Þorrablot, laugardaginn 3. febr. Nánar auglýst síðar. Uppl. í síma 12504. Skemmtinefndin.

Siglufjörður

Fundur verður í fulltrúaráði Framsóknarfélaganna á Siglufirði að Adalgötu 14, kl. 17.00 laugardaginn 27. janúar.

FUF Kópavogi

heldur almennan félagsfund mánudaginn 29. jan. kl. 8.30 í Félagsheimili Kópavogs, 2. hæð.
Fundarefni: Sveitarstjórnarkosningarnar 1974.
Frummælandi Pétur Einarsson.

Rangæingar

Fyrirhuguð spilakeppni, sem vera átti 28. jan. er frestað til 18. febr.



Ung hryssa

moldótt, dökk á tagl og fax, í öskilum að Hlíðarenda. Sími um Hveragerði.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra

Að gefnu tilefni vill ríkisskattstjóri benda framteljendum á eftirfarandi:

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt eru innstæður í bönkum, sparissjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo og verðbréf, er samkvæmt sérstökum lögum njóta sama réttar (t.d. verðtryggt spariskirteini ríkissjóðs), undanþegnar framtals-skyldu og eignarskatti eftir þessum reglum:

1. Allar framangreindar eignir skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
2. Allar framangreindar eignir skattgreiðenda, sem ekki skuldar meira fé en jafngildir hámarki lána Hús-næðismálastjórnar ríkisins til einstaklings um hver áramót, enda séu skuldir þessar fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma, og sannanlega notuð til að afla fasteigna eða endurbæta þær. Hámarksfjárhæð sú, sem miðskal við í framtali 1973, er kr. 600.000.
3. Allar framangreindar eignir skattgreiðanda, sem eru umfram aðrar skuldir en þær, sem greinir í 2. tl. Innborgar hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Vextir af eignarskattsfrjálsom eignum samkvæmt framangreindu eru undanþegnar tekjuskatti.

Það athugið, að þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar framangreindar eignir sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Samkvæmt framansögðu eru framtalskyldar og eignarskattsskyldar allar framangreindar eignir skattgreiðanda til jafns við aðrar skuldir en þær, sem greinir í 2. tl.

Enn fremur eru vextir af þessum hluta eignanna tekjuskattsskyldir.

Reykjavík 26. janúar 1973.

Ríkisskattstjóri.

Viðivangur Framhald af bls. 3.

jafnframt, þar sem hann var í þann veginn að búa sig til brottfarar í jarðarförina, þegar erindið barst honum. (skv. frásögn Alþýðubl. og víðtali vega við GIG), tekið að sér erindið sjálfur og farið í utanríkisráðuneytið strax að minningaráthöfninni lokinni eða rúmum klukkutíma eftir að erindið barst. Til að trufla ekkert í Texas gat hann svo sent Hörd Helgason þangað til að semja við konsúlinn. Það var að sjálfsögðu einnig upplagt að Hördur tæki að sér bæði konsúlinn og jarðarförina, svo sendiherrann gæti sjálfur að öllu leyti tekið að sér að sinna mesta lífshagsmunamáli þeirrar þjóðar, sem hafði sent hann til Washington til að gæta hagsmuna sína.

Þetta eru staðreyndir málsins og fram hjá þeim er ekki hægt að horfa. Allt það lof, sem Alþýðublaðið ber á GIG í þessu sambandinu nær aldrei að hylja þær, heldur verður miklu fremur til þess að gera þær skýrari, því að Guðmundur I. breytti í algjöru ósamræmi við það, sem eðlilegt og sjálfsagt hefði verið að gera sem yfirmáður sendiráðs Íslands í Washington og valdi engan þeirra kosta, sem hér var gerð grein fyrir, heldur þann, sem var allra síztur.


Í frásögunum þeirra Guðmundar I. Guðmundssonar og Harðar Helgasonar, sem birtust í Alþýðublaðinu í gær, rekt eitt á annars horn, og eru þessar frásagnir raunar hinar skemmtilegustu til samantvívurðarfræðimennsku. Það er hins vegar ekki nema á færi allra kunnugustu manna í þessu máli að dæma um það hvorum skjóplast.

Guðmundur I. Guðmundsson segir t.d., að hann hafi fallið Herði verkefnið áður en Haraldur Kröyer hafi talað við sig, þar sem Herði hefði horizt erindi íslenzku sendinefndarinnar áður en Haraldur hringdi í sjálfan sendiherrann.

Hörður Helgason segir hins vegar, að hann hafi ekki rekið þetta erindi, sem Haraldur Kröyer það Guðmund I. að taka að sér, fyrr en daginn eftir og þá eftir að Haraldur Kröyer var búinn að hringja til Harðar tvívegis og biðja hann að taka málið að sér. Hins vegar minnst Hörður ekkert á það, að Guðmundur I. Guðmundsson, yfirmáður hans hafi fallið honum þetta verkefni. —TK

Fjöldi húsa á kafi í ösku og gjalli

— og hraunið nær komið yfir alla Kirkjubæina



KJ—Vestmannaeyjum. Það vissu fáir, hvað gerðist í kringum gosstöðvarnar austur á Heimaey í fyrrinótt, og það var ekki fyrr en bjart var orðið og sólin komin upp, að hörmungin blásti við. Öskugjallið hafði kaf-fært tugi húsa og enn fleiri tugir húsa eru hálf á kafi í öskunni, sem Kirkjubæjargigurinn spúði úr sér í fyrrinótt. Þá hefur og bætzt við tölu þeirra húsa, sem hafa orðið eldinum að bráð, og taldist fretta manni Tímans svo til í gær, að alls væru þá 19 hús brunnin. Hraunið er nú nær komið yfir öll Kirkjubæjarhúsin, sem voru austasta byggðin í Heimaey, svo að þar verður aldrei búið framár.

Byggðin, sem varð verst úti í öskufallinu í fyrrinótt, er austan Helgafellsbrautar, og eru nýjustu húsin mest grafin í öskuna. Sum þessara húsa voru ekki einu sinni fullgerð. Í sum húsin sést bók-staflega ekki, og er öskulagid á götunum nærri jafnhátt þeim. Svo virtist, sem rúður væru yfirleitt ekki brotnar í þessum húsum, þótt gjallið lægi upp að þeim. Hefur því líklega ekki farið neitt að ráði af ösku inn fyrir húsdýrnar. Þar sem þakgluggar voru á húsum á Heimaey, brotnuðu þeir víða, og þannig var t.d. um Útvegsbankahúsið, sem var í miðjum bænum. Þar brotnaði þakgluggi og kom gjall þar inn á ganginn fyrir framan bæjarskrifstofurnar.

Fyrir þetta mikla öskufall var bærinn svartur yfir að líta, en ofan frá kirkjugarðinum er hann nú svartari og útlitið alltdekkra. Askan hefur ekki runnið af nema bröttustu þökunum, og hefur hún þar safnast í stóra bingi við húsveggina. Einhvern veginn finnst mér átakanlegast að standa á kirkjugarðsveggnum og horfa yfir leiði og krossa, sem sum voru alveg á kafi, hluti annarra stóð upp úr, en í baksýn voru svo gligarnir, og upp úr þeim spýttist aska og eldur í sífellu.

Færðin var slæm í fyrstu.

Fyrst í gærmorgun var nærri ófært um margar götur Vestmannaeyja, en eftir að jarðbíta hafði ýtt braut eftir þeim miðjum fór að verða greiðfærara, og þar sem mest var ekið, molnaði gjallið undan bilunum, og brautin varð slétt og hörð. Ekki var öskufallið jafnmikið alls staðar að sjálfsögðu. Mest var það, eins og áður segir, efst í nýja hverfinu austan Helgafellsbrautar, en vestast í bænum var það ekki eins mikið, né heldur meðfram höfninni. Arvakur lá við Nausthamarsbryggju og slapp ekki við öskufallið írekar en annað í Eyjum. Var þykkt öskulag á þilfarinu í morgun.

A syllur og ofan á Heimaklett og Yztaklett hefur setti öskuskán, svo að það er óvist, að lundinn geti sett þar að, þegar fer að vora, eða hann kunni við sig á þessum slóðum eftir að askan hefur fyllt hvern krók og kima. Annars má sjá fugla á flugi yfir bænum öðru hverju, og líta titt línga inn á milli húsa. Þar er líka einn og einn köttur í skarðið sunnan við klifið hefur mikil aska

setzt. Þar stóð grastóin upp úr öskunni í fyrradag, en nú er þar kolsvart á að líta. Suður á eyinni er engin aska að heita má, en á flugvellinum var tveggja sentimetrá lag í gærmorgun.

Sæsímastöðin.

Sæsímastrengirnir Scotice og Icecan koma upp í klaufinni sunnan á Heimaey og liggja svo í jörðu í sveig vestan við flugbrautina og niður á símsstöð. Í símsstöðinni eru magnarar og þaðan fær línan líka afl. Yfirmenn símamála höfðu miklar áhyggjur á símsstöðinni og hefur Þorvarður Jónsson yfirverkráðingur hjá símanum verið í Vestmannaeyjum og fylgt með framvindu gossins. Í gærmorgun var svo tekið til bragðs í samráði við eigendur sæsímastrengsins að fjarlægja varahluti og varastöð sæsímans úr símsstöðvarhúsinu í Vestmannaeyjum. Þarna eru gifurleg verðmæti í veði, og ekki hættandi á neitt í því sambandi. Skipverjar og tæknimenn af viðgerðaskipinu Northern komu í land í gærmorgun og önnudust flutning á tækjunum, sem komið var fyrir í vörugámum á hafnarbakkanum. 80 talsimarásir eru frá Vestmannaeyjum til lands, og hefur verið gifurlegt álag á þeim línun. Ljós kviknar í tengiborðinu, þegar einhver hinna 80 lína er upptekin, og þegar fretta-maður Tímans leit við á sjálfvirku símsstöðinni í gærmorgun, voru oftast 80 ljós þar logandi. Það er betra, að ekkert bili þarna, því að þá rofnar almennt símasamband við Eyjar.

Gýs við flugbrautina??

Þeir Sigurður Þórarinnsson og Framhald á bls. 27.

Byggðin í Vestmannaeyjum er að fara undir vikur, ef heldur sem horfir. Mörg hús eru þegar komin undir vikurinn og fleiri fylgja á eftir. Myndirnar voru teknar í gær og sýna glögg, hvernig þá var umhorfs í bænum. Tímamyndir: Kári.